# FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

23. TÖLUBLAÐ 18. ÁRGANGUR — MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI* — ÞRIÐJUDAGUR 23. JANÚAR 2018


## Skellt í lás



Stjórn United Silicon fór í gær fram á að félagið yrði tekið til gjaldþrotaskipta eftir að ljóst var að nauðasamningar myndu ekki nást. Saga kísilverksmiðjufélagsins er samfelld raunasaga sem á köflum er nánast reyfarakennd. Grunur er meðal annars uppi um stórfelld auðgunarbrot stjórnenda félagsins. Tap fjárfesta á verkefninu er gífurlegt. Sjá síðu 4. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

# Grunaður um áralöng brot gegn pilti

**Maður á fimmtugsaldri var á föstudag úrskurðaður í vikulangt gæsluvarðhald. Grunaður um kynferðisbrot gegn ungum pilti sem heimildir herma að hafi staðið yfir um nokkurra ára skeið þegar hann var barn og unglingur. Húsleit var gerð á heimili mannsins.**

**LÖGREGLUMÁL** Karlmaður á fimmtugsaldri var á föstudag úrskurðaður í vikulangt gæsluvarðhald í tengslum við rannsókn lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu á meintum kynferðisbrotum hans gegn ungum pilti. Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins eiga brot mannsins að hafa staðið yfir um nokkurra ára skeið, fyrir nokkrum árum, þegar pilturinn var á barnsaldri og unglingur.

Grímur Grímsson, yfirmaður miðlægrar rannsóknardeildar lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu, staðfestir að maður hafi verið úrskurðaður í gæsluvarðhald í tengslum við rannsókn máls en vildi að öðru leyti ekki tjá sig um málið sem væri á viðkvæmu stigi.

Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins barst lögreglu kæra á hendur manninum í síðustu viku en ungi maðurinn sem kærði er nú um tvítugt. Heimildir herma að hin meintu brot hafi átt sér stað um nokkurra ára skeið.

Samkvæmt heimildum var maðurinn handtekinn í síðustu viku og gerð húsleit á heimili hans í tengslum við rannsókn málsins. Á föstudag var hann síðan úrskurðaður í vikulangt gæsluvarðhald.

Á föstudag var gæsluvarðhald yfir manni á sextugsaldri í öðru máli framlengt um fjórar vikur. Sá er grunaður um að hafa brotið gegn sautján ára pilti um nokkurt skeið og hugsanlega fleiri börnum, líkt og greint var frá í fréttum Stöðvar 2 á föstudag.

Fréttablaðið greindi frá því í gær að óvenju mikill fjöldi kynferðisbrota gegn börnum væri nú til rannsóknar hjá lögreglu, eða tuttugu og níu mál. Frá miðju síðasta ári og fyrstu vikum þessa árs hefur málum fjölgað frá 11 á viku upp í 29 á viku. Grímur vildi í Fréttablaðinu í gær fara varlega í að túlka tölfræðina um of en að ekki væri hægt að útiloka að umræðan í kringum #metoo-byltinguna hefði eitthvað með fjölgunina að gera. Öll umræða auki vitund fólks og gæti þannig tengst þessari fjölgun mála á borði lögreglu.

Líkt og fram kom í Fréttablaðinu í gær er lögreglan að taka kynferðisbrot gegn börnum föstum tökum. Starfsmenn embættisins hlutu nýverið sérstaka þjálfun til að takast á við og greina stafrænt ofbeldi gegn börnum sem færst hefur í vöxt. **– smj**



Grímur Grímsson.

## Ólafía missti lögmann á blóti

**LÍFIÐ** Óheppilegt atvik átti sér stað á þorrablóti Stjörnunnar síðasta föstudag þegar áhættuatriði veislustjórans, Ólafíu Hrannar Jónsdóttur, og formanns þorrablótsnefndar, Lúðvíks Steinarssonar, fór úrskeiðis. Gestir supu hveljur því á tímabili leit þetta illa út. Ólafía, sem fór með veislustjórnina segir þau hafa æft atriðið vel. „Á kvöldinu sjálfu steig ég í skyrtuna hans og þá rann ég til og missi hann í gólfið með höfuðið niður,“ segir Ólafía. Lúðvík er á batavegi eftir atvikið. **– áhg** / **sjá síðu 22**



Ólafía Hrönn Jónsdóttir.

## Hörkuslagur fram undan hjá Samfylkingunni

**STJÓRNMÁL** Þótt borgarstjórinn, Dagur B. Eggertsson, sé óumdeildur leiðtogi Samfylkingarinnar í borginni er útlit fyrir harða baráttu um næstu sæti fyrir neðan á lista flokksins fyrir komandi borgarstjórnarkosningar.
Varaformaður flokksins, Heiða Björg Hilmisdóttir, fær samkeppni um annað sæti listans frá að minnsta kosti einum sitjandi borgarfulltrúa, Kristínu Soffíu Jónsdóttur, samkvæmt heimildum blaðsins. Þá vilja margir ná þriðja sætinu af Hjálmari Sveinssyni sem vill sjálfur sitja áfram í sínu sæti.
Flokksvalið fer fram 10. febrúar og framboðsfrestur rennur út á fimmtudaginn.
Það kom ýmsum á óvart þegar ákveðið var að röðun frambjóðenda á lista skyldi fara fram með prófkjöri en heimildir blaðsins herma að baráttumenn um þriðja sæti listans hafi beitt sér mjög fyrir þeirri leið. **– aá** / **sjá síðu 6.**



## Fréttablaðið í dag


**FRÉTTIR** Laugar í Sælingsdal voru keyptar á tæpan hálfan milljarð króna. 2



**SKOÐUN** Formaður SFÚ og framkvæmdastjóri FA velta því fyrir sér hvort verðmæti séu í vinnslu fisks eður ei. 11

**SPORT** Helena Sverrisdóttir varð slóvakískur bikarmeistari í körfuknattleik um liðna helgi. 12

**LÍFIÐ** Þeir voru glæsilegir kjólarnir sem fyrirmenni í skemmtanabransanum í Hollywood klæddust á SAG-hátíðinni. 20

**PLÚS SÉRBLAÐ ● FÓLK**


*Samkvæmt prentmiðlakönnun Gallup apríl-júní 2015


FRÉTTABLAÐIÐ

89%

af lesendum dagblaða* á höfuðborgarsvæðinu á aldursbilinu 18–49 ára lesa Fréttablaðið daglega.

*Fréttablaðið og Morgunblaðið.
Heimild : Prentmiðlamæling Gallup okt. - des. 2017.

### Veður




Austan og norðaustan 13-20 m/s í dag, hvassast við norðurströndina, en mun hægari vindur suðvestan til. Snjókoma eða slydda um landið norðaustanvert, úrkomuminna á Vestfjörðum, en lengst af þurrt á Suðvesturlandi. SJÁ SÍÐU 16

# Staðan í stjórnmálum rædd á þingi



Þing kom saman í gær og reið forsætisráðherra á vaðið í almennum umræðum um stöðuna í stjórnmálum og verkefnin fram undan. Þingmenn stjórnarandstöðunnar röðuðu sér í andsvör við Katrínu og spurðu um mat hennar á stöðu Sigríðar Andersen í ríkisstjórn eftir dóm Hæstaréttar um skipun dómara í Landsrétt. Katrín hyggst ekki kalla eftir afsögn ráðherra. Fjármálaáætlun er á dagskrá þingsins í dag. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

## Sveinbjörg vill snjallsímabann

**MENNTAMÁL** Óháði borgarfulltrúinn Sveinbjörg Birna Sveinbjörnsdóttir hyggst í byrjun febrúar leggja fram tillögu í borgarstjórn um að borgaryfirvöld auðveldi skólastjórnendum að banna notkun snjallsíma í grunnskólum borgarinnar.

Sveinbjörg segir snjallsímanotkun grunnskólabarna á skólatíma vera vaxandi vandmál en hún hafi fulla trú á að hægt sé að koma böndum á notkun símanna.

„Vandinn er að það eru engar samræmdar reglur um þetta hjá Reykjavíkurborg. Hverjum skólastjóra er því í sjálfsvald sett hvaða reglur gilda um snjallsíma í hans skóla.“

Sveinbjörg segir afleiðinguna þá að ef börnum er bannað að vera með snjallsíma í einum skóla



Sveinbjörg Birna Sveinbjörnsdóttir

vísi þau í ólíkar reglur í öðrum skólum og spyrji eðlilega hvers vegna eitt skuli ekki yfir alla ganga. „Skólar í Frakklandi og Svíþjóð eru byrjaðir að banna snjallsíma og við hljótum að geta gert þetta líka. En ef við ætlum að fara þessa leið þarf Reykjavík að setja sér reglur sem gilda fyrir alla skóla í borginni.“

Hún segir flest benda til þess að óhófleg notkun snjalltækja ýti undir kvíða og óöryggi hjá fjölda barna. „Við höfum dæmi um ljótt einelti þar sem snjallsíminn er notaður.“

Sveinbjörg segist undir það búin að tillaga hennar muni falla í misfrjóan jarðveg og skólabörn séu líkleg til þess að mótmæla slíku banni. „Eg held að skilningurinn á þessum vanda hafi verið að aukast og fólk er að verða meðvitaðra um félagslega þáttinn. Það verða örugglega mótbárur og þá líklegast frá þeim sem eru veikastir fyrir og orðnir alvarlega háðir tækjunum.“ – þþ

## Byggingarleyfi Minjaverndar í Flatey ógilt

**SKIPULAGSMÁL** Byggingarleyfi sem Reykhólahreppur gaf félaginu Minjavernd til að reisa 142 metra byggingu í Tröllenda í Flatey hefur verið ógilt eftir kæru nágranna.

Úrskurðarnefnd auðlinda- og umhverfismála segir nágrannana eiga hús í sjónlínu við áformaða byggingu. Komist var að þeirri niðurstöðu að húsið væri stærra en skipulag heimilar og sama gildi um staðsetningu þess, gerð og lögun. „Þessi frávik geta ekki talist óveruleg,“ segir úrskurðarnefndin.

„Við höfum fulla trú á því að áfram verði unnið að því að koma nýju byggingarleyfi í höfn,“ segir Þorsteinn Bergsson, framkvæmdastjóri Minjaverndar.

Húsið í Tröllenda er hugsað sem aðstaða fyrir starfsfólk Hótels Flateyjar en hingað til hefur það þurft að treysta á góðvild annarra íbúa. – gar

# Laugar keyptar fyrir tæpan hálfan milljarð

**Dalabyggð hefur tekið 460 milljóna króna tilboði í Laugar í Sælingsdal. Fjárfestir og fyrrverandi knattspyrnumaður ætlar sér að efla hótelreksturinn og hafa opið lengur en fyrr. Sveitarfélagið vildi 530 milljónir fyrir ferðaþjónustuþorpið.**

**FERÐAÞJÓNUSTA** Sveitarstjórn Dalabyggðar hefur samþykkt 460 milljóna króna kauptilboð einkahlutafélagsins Arnarlóns í ferðaþjónustuþorpið Laugar í Sælingsdal. Sveitarstjórinn segir eftirspurn hafa ráðið því að kaupverðið er 70 milljónum lægra en verðmiði sveitarfélagsins.

Um er að ræða tilboð í jörðina, jarðhitaréttindi, tjaldsvæði, 20 herbergja hótel og aðrar fasteignir, þar á meðal heimavist með 26 herbergjum, íþróttamiðstöð og 25 metra langa sundlaug, eða alls um fimm þúsund fermetra. Arnarlón er í eigu Þórhalls Arnar Hinrikssonar, stjórnarformanns ALM verðbréfa og fyrrverandi knattspyrnumanns. Félagið gerði þrjú tilboð í Laugar. Það fyrsta barst sveitarstjórninni í lok október en það sem var á endanum samþykkt þann 18. desember. Eigandi Arnarlóns ætlar að efla hótelreksturinn sem er nú einungis opinn tvo og hálfan mánuð á ári.



Hótel Edda, dótturfélag Icelandair-hótelanna, hefur selt gistingu á Laugum í Sælingsdal á sumrin. Stefnt er að lengri opnun. FRÉTTABLAÐIÐ/GAR

„Eins og hann lýsir þessu fyrir okkur hefur hann áform um að byggja þarna upp ferðamannastað og það fyrsta er að lengja opnunartímann,“ segir Sveinn Pálsson, sveitarstjóri Dalabyggðar, og staðfestir að samkvæmt áformum Arnarlóns sé stefnt að heilsársrekstri hótelsins.

„Icelandair-hótelin eru með samning og eiga tvö ár eftir og það þarf að gera þetta í samvinnu við þá. Ferðamönnum hér hefur fjölgað um vor og haust og eðlilegt að menn horfi til þess að reyna að auka þjónustuna,“ segir Sveinn.

Tveir sveitarstjórnarfulltrúar sátu hjá við atkvæðagreiðsluna



Sveinn Pálsson

um kauptilboðið fyrir viku. Annar þeirra telur kaupverðið of lágt en báðir sögðu málið bæði stórt og erfitt fyrir íbúa Dalabyggðar. Laugar eru í grunninn gamall grunnskóli með heimavist og fyrir 17 árum var elsta hluta hans breytt í hótel. Sveitarfélagið auglýsti það til sölu í september 2016 en það keypti fasteignirnar af ríkinu árið 2013.

„Hér er sveitarstjórn búin að setja sér þá stefnu fyrir löngu síðan að það þyrfti að byggja upp íþróttamannvirki við grunnskólann í Búðardal og til þess að það sé hægt þarf að selja eignir. Ég held að það geti allir verið sammála um að við vildum fá meira fyrir þetta en sennilega er gamli sannleikurinn sá að hlutirnir eru ekki verðmætari en það sem einhver er til í að borga fyrir þá,“ segir Sveinn. Þórhallur Örn sagðist ekki vilja tjá sig um viðskiptin á þessu stigi þegar eftir því var leitað. haraldur@frettabladid.is

GARÐS APÓTEK
- í yfir 60 ár
Hafðu lyfin tilbúin þegar þú sækir
Pantaðu tiltekt á appotek.is
eða í síma 568 0990
Garðs Apótek - í leiðinni
Fáðu lyfin send heim með póstinum
Pantaðu sendingu á appotek.is
Garðs Apótek - um land allt
Sogavegi við Réttarholtsveg og Miklubraut
Opið kl. 9-18 virka daga, lokað um helgar


Volkswagen á vistvænu tilboði!
Byrjaðu árið á nýjum Volkswagen rafbíl.
Volkswagen er með breiddina í rafmagns- og tengiltvinnbílum; nettur e-up!, flaggskipið e-Golf, sportlegur Golf GTE og rúmgóður Passat GTE fyrir alla fjölskylduna. Nú bjóðast þeir á vistvænu tilboði og verða á Bílasýningunni í HEKLU á morgun. Gríptu tækifærið og keyrðu inn í nýja árið á rafbíl sem gengur fyrir íslenskri orku. Við bíðum spennt eftir að sjá þig!
e-up!
Rafmagnsbíll
Sá ódýrasti. Dregur allt að 160 km*
Verðlistaverð
3.350.000 kr.
Vistvænt tilboð
2.890.000 kr.
e-Golf
Rafmagnsbíll
Dregur allt að 300 km*
Verðlistaverð
4.250.000 kr.
Vistvænt tilboð
3.950.000 kr.
Golf GTE
Tengiltvinnbíll
Sportlegur og umhverfisvænn.
Verðlistaverð
4.190.000 kr.
Vistvænt tilboð
3.850.000 kr.
Passat GTE
Tengiltvinnbíll
Frábær fjölskyldubíll.
Verðlistaverð
4.690.000 kr.
Vistvænt tilboð
3.990.000 kr.
FIMM ÁRA ÁBYRGÐ HJÁ HEKLU
5
*Skv. NEDC staðlinum.
Við látum framtíðina rætast.
Volkswagen
www.volkswagen.is
HEKLA · Laugavegi 170-174 · Reykjavík · Sími 590 5000 · hekla.is
Höldur Akureyri · Bílasala Selfoss · Bílás Akranesi · HEKLA Reykjanesbæ

# Konur í forystu í einungis ellefu prósentum fyrirtækja hér á landi

**VIÐSKIPTI** Ellefu prósent forstjóra í 100 stærstu fyrirtækjum landsins eru konur en 89 prósent karlar. Á sama tíma voru tveir ef hverjum þremur nemendum sem útskrifuðust úr HÍ og HR í fyrra konur en einungis þriðjungur karlar. Þetta sýna tölur sem Capacent hefur tekið saman. Tölurnar benda til þess að eftir því sem ofar er komið í stjórnunarlög fyrirtækja þeim mun hærra sé hlutfall karla.

„Ég held að það séu svo margir þættir sem spila þarna inn í. Til dæmis held ég að menning og fyrirmyndir skipti miklu máli þarna," segir Þórey Vilhjálmsdóttir, ráðgjafi hjá Capacent. Hún mun flytja erindi á fundi Capacent og Kauphallarinnar á Hilton Nordica í dag. „Við erum komin með nokkrar mjög sterkar kvenfyrirmyndir en það vantar á miklu fleiri staði og inn í miklu fleiri geira. Það hlýtur líka að eiga stóran þátt í þessu að það er rótgróin menning sem hefur byggst upp í karllægu umhverfi. Konur eiga bara oft erfitt með að aðlagast þar. Svo vilja þær ekkert láta vita af því, heldur fara þær," bætir Þórey við.

Þórey segir erfitt að festa hönd á hvað það er í menningunni sem skipti máli. „En það er einmitt það sem við erum að reyna að varpa ljósi á. Um leið og þú getur skilgreint hvað það er þá getum við breytt því. En á meðan við getum ekki skilgreint það er erfitt að ætla að fara að breyta hlutunum," segir hún. **– jhh**

> **Við erum komin með nokkrar mjög sterkar kvenfyrirmyndir en það vantar á miklu fleiri staði**
>
> Þórey Vilhjálmsdóttir, ráðgjafi

**Kynjahlutfall í stjórnunarlögum stærstu fyrirtækjanna**




## Vilja úttekt á stjórnsýslu ÚTL

**STJÓRNMÁL** Rósa Björk Brynjólfsdóttir, þingkona VG, hefur ásamt níu öðrum þingmönnum lagt fram beiðni um að Ríkisendurskoðandi geri stjórnsýsluendurskoðun á starfsemi Útlendingastofnunar. Í beiðninni kemur fram að í skýrslunni skuli draga fram hvernig Útlendingastofnun takist að uppfylla hlutverk sitt með tilliti til hagkvæmni og skilvirkni málsmeðferðar, málshraða og lögbundins þjónustuhlutverks.

Í greinargerðinni er gagnrýni á málsmeðferð umsókna um alþjóðlega vernd reifuð. Fram kemur að markmið nýrra útlendingalaga hafi meðal annars verið að bregðast við þeirri gagnrýni og bæta þjónustuna. Með úttektinni verði varpað ljósi á hvort þau markmið hafi náðst.

Ríkisendurskoðanda er skylt að taka beiðni um skýrslu fyrir hafi níu þingmenn lagt fram skýrslubeiðni í þingsal. **– aá**

## Þúsundir skora á ráðherra

**SAMGÖNGUR** Rúmlega fimm þúsund manns hafa skrifað undir áskorun til Sigurðar Inga Jóhannssonar samgönguráðherra um tvöföldun á Vesturlandsvegi um Kjalarnes. Bæjarstjórn Akraness lagði fram bókun þar sem skorað var á samgönguyfirvöld að ráðast í nauðsynlegar úrbætur á veginum.

Í gær bættust síðan níu atvinnufyrirtæki á Grundartanga við og tóku undir áskorun bæjaryfirvalda.

Í samgönguáætlun var gert ráð fyrir að settar yrðu 700 milljónir í að breikka veginn á Kjalarnesi á þessu ári. Boðað er til íbúafundar á Akranesi 24. janúar næstkomandi sem samgönguráðherra mun sitja. **– smj**

# Starfsfólkið fékk borgað áður en United Silicon fór í þrot

**Kísilver United Silicon er gjaldþrota og stærsti kröfuhafinn, Arion banki, mun ganga að veðum sínum. Greiddu starfsfólki fyrir vinnu í janúar en næstu skref eru í höndum skiptastjóra. Bankastjóri Arion banka vill ekki tjá sig um ákvörðun stjórnar kísilversins en bankinn lánaði átta milljarða króna til verkefnisins.**

**IÐNAÐUR** Starfsfólk United Silicon fékk í gær greidd laun sem það átti inni fyrir vinnu í janúar áður en beiðni um heimild um gjaldþrotaskipti kísilversins var send héraðsdómara í gær. Ákvörðun um hvað verður um störfin 56 er í höndum nýskipaðs skiptastjóra félagsins, hæstaréttarlögmannsins Geirs Gestssonar.

Stjórn United Silicon sendi í gær beiðni til Héraðsdóms Reykjaness um gjaldþrotaskipti. Samkvæmt tilkynningu fyrirtækisins var þá útséð um að nauðasamningar næðust ekki og engar forsendur fyrir frekari framlengingu á greiðslustöðvun sem fyrirtækið fékk í ágúst síðastliðnum. Þar segir einnig að ákvörðunin hafi verið tekin eftir að Umhverfisstofnun gerði kröfu um að rekstur verksmiðjunnar hæfist ekki á ný fyrr en eftir viðamiklar framkvæmdir sem gætu tekið vel á annað ár.

„Verkefni stjórnar á greiðslustöðvunartímabilinu var að reyna að ná nauðasamningum og fá nýja fjárfesta að félaginu. Forsenda þess var að fá betri upplýsingar um stöðu félagsins. Þær úttektir sem unnar voru leiddu meðal annars í ljós mikla óreiðu og upp kom rökstuddur grunur um fjárdrátt stofnanda félagsins. Hann hefur verið kærður til embættis héraðssaksóknara," sagði í tilkynningunni og þar vísað til Magnúsar Garðarssonar, fyrrverandi forstjóra United Silicon.



**Tapið af rekstri United Silicon er umtalsvert.** FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Sérfræðingar sem framkvæmdu ítarlegar úttektir á búnaði verksmiðjunnar í Helguvík telja að um 25 milljónir evra, tæpa 3,2 milljarða króna, þurfi til að verksmiðjan teljist fullkláruð. Grunnhönnun ljósbogaofnsins sjálfs sé góð en augljóst að „ódýr og óvandaður jaðarbúnaður hafi orsakaða tíðar bilanir og skapað erfiðleika við framleiðsluna".

Höskuldur H. Ólafsson, bankastjóri Arion banka, vildi ekki tjá sig við blaðið í gær um ákvörðun stjórnar kísilversins en bankinn lánaði alls átta milljarða króna til verkefnisins. Bankinn færði í haust kröfur og aðrar eignir, þar á meðal allt hlutafé sitt í kísilverinu, niður um 4,8 milljarða króna. Í tilkynningu félagsins í gær segir að gjaldþrot félagsins leiði ekki til frekari niðurfærslna í bókum bankans.

„Arion banki mun óska eftir því við skiptastjóra þrotabúsins að ganga að veðum sínum í eignum fyrirtækisins en bankinn, sem er stærsti kröfuhafi United Silicon, er einn á fyrsta veðrétti eigna félagsins," segir í tilkynningu frá bankanum. **haraldur@frettabladid.is**




REKSTRARVÖRUR FYRIR HEIMILIÐ

Í Rekstrarlandi fæst úrval af ræstivörum fyrir öll heimilisþrif; pappírsvörur og plastpokar, Nilfisk ryksugur, margar gerðir af gasgrillum og ýmsar gas- og grillvörur. Rekstrarland er einnig með mikið af heilbrigðisvörum, náttúruvænar bleiur og ýmsar vörur tilheyrandi umönnun barna.

Rekstrarland | Vatnagörðum 10 | 104 Reykjavík | **Opið alla virka daga kl. 9-18**

REKSTRARLAND

# Spennuþrungið tilboð

## Audi Q7 e-tron quattro




5 ára ábyrgð

**Aukahlutir umfram staðalbúnað:**

- Sportsæti með leður-/alcantara- áklæði
- Samlitir brettakantar og stuðarar
- Audi Connect tenging fyrir SIM kort
- Google Map tenging með StreetView
- Snjallsímatenging fyrir Google Play og Apple Carplay
- Dökkar rúður
- Leðurklætt sport aðgerðastýri, fjögurra arma með flipaskiptingu
- Bakkmyndavél
- LED inniljósapakki
- Lykillaust aðgengi með snertilausri opnun á afturhlera
- Ambient inniljósapakki (stemningslýsing)
- Lengri hleðslukapall
- 20" álfelgur 10-Spoke Star Design
- Dráttarbeisli með bakkaðstoð
- Hæðastillanleg loftpúðafjöðrun

**Nokkrir Audi Q7 e-tron quattro hlaðnir aukahlutum á einstöku tilboðsverði.**

Á rafmagninu kemstu flestra þinna daglegra ferða en í lengri ferðum tekur dísilvélin við.

Meðal staðalbúnaðar eru LED framljós, MMI Navigation Plus, íslenskt leiðsögukerfi og Audi Virtual stafrænt mælaborð. Q7 e-tron getur lagt sjálfur í stæði, bakkað með kerru og ýmislegt fleira en enginn annar fjöldaframleiddur bíll býður upp á fleiri aðstoðarkerfi. Með Audi Connect í símanum getur þú tengst bílnum, stýrt miðstöð, skoðað stöðu á rafhlöðu og fleira og þú þarft aldrei að setjast inn í kaldan bíl.

Listaverð ~~11.690.000~~ kr.

**Tilboðsverð 10.990.000 kr.**

HEKLA · Laugavegi 170-174 / Audi.is

# Veðlán til sjóðsfélaga hafa farið úr níu milljörðum í 132 milljarða

**EFNAHAGSMÁL** Á árunum 2009 til 2013 lánuðu lífeyrissjóðirnir að meðaltali tæpa níu milljarða króna á ári til sjóðfélaga. Sú fjárhæð hefur aukist verulega og á fyrstu ellefu mánuðum síðasta árs lánuðu lífeyrissjóðirnir samtals 132 milljarða króna. Þetta kemur fram í skýrslu starfshóps sem fjallaði um umsvif lífeyrissjóðanna í íslensku efnahagslífi.

Í skýrslunni kemur fram að samanlagðar hreinar eignir lífeyrissjóðanna námu í byrjun síðasta árs 3.534 milljörðum króna. Eignir sem hlutfall af landsframleiðslu hafa hækkað úr 66% af landsframleiðslu í lok árs 1997 í 144% í lok árs 2016. Stór hluti af eignum sjóðanna eru innlendar eignir og námu þær 114 prósentum af landsframleiðslu í lok árs 2016.

Stærsti eignaflokkur lífeyrissjóða eru skuldabréf. Af þeim vega íbúðabréf þyngst en um síðustu áramót áttu sjóðirnir um 490 milljarða króna eða um 81 prósent af útgefnum íbúðabréfum.

Starfshópurinn leggur til að lífeyrissjóðir marki fjárfestingastefnu til langs tíma og stefni að því að auka vægi erlendra eigna til að draga úr áhættu. **– jhh**



**Starfshópurinn þegar skýrslan var kynnt í gær.** FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

# Slegist um annað og þriðja sæti Samfylkingarinnar í Reykjavík

**Lítil endurnýjun er í kortum Samfylkingarinnar í borginni en búast má við harðri baráttu um efstu sæti listans. Fullkomin sátt virðist um leiðtogann Dag B. Eggertsson. Kristín Soffía skorar varaformanninn á hólm um annað sætið. Fimm vilja vera í þriðja sæti listans. Framboðsfrestur rennur út á fimmtudaginn.**

**STJÓRNMÁL** Flokksval Samfylkingarinnar vegna borgarstjórnarkosninga fer fram 10. febrúar næstkomandi. Samfylkingin á fimm borgarfulltrúa af fimmtán en borgarfulltrúum verður fjölgað í 23 eftir næstu kosningar sem fara fram 26. maí 2018.

Dagur B. Eggertsson borgarstjóri er óskoraður oddviti flokksins og mun væntanlega leiða listann en margir vilja vera í næstu sætum.

Björk Vilhelmsdóttir, sem var í öðru sæti lista flokksins fyrir síðustu kosningar, hætti fyrr á kjörtímabilinu og því má segja að annað sætið sé óskipað. Það sæti vilja næstu konurnar á listanum báðar fá; Kristín Soffía Jónsdóttir sem var í fjórða sæti og Heiða Björg Hilmisdóttir, varaformaður flokksins, sem var í sjötta sæti. Hún náði ekki kjöri í kosningunum en kom inn sem borgarfulltrúi eftir að Björk Vilhelmsdóttir sagði af sér.

Samkvæmt heimildum mun nokkur styr standa um varaformann flokksins. Hún var sjálfkjörin í embætti varaformanns á flokksstjórnarfundi skömmu eftir að Logi Einarsson tók við formannskeflinu af Oddnýju Harðardóttur eftir mikið fylgishrun í haustkosningunum 2016. Heiða mun hafa sóst eftir forystusæti í öðru hvoru Reykjavíkurkjördæmanna fyrir nýliðnar alþingiskosningar en vilji flokksins til endurnýjunar í Reykjavík virðist ekki hafa náð til hennar enda var hún ekki á lista.

Kristín Soffía Jónsdóttir, sem hefur einnig hug á öðru sæti, hefur heldur ekki verið óumdeild en deilur risu nú í haust um kjörgengi hennar í borgarstjórn vegna þess að hún flutti lögheimili sitt til Danmerkur á meðan hún var í fæðingarorlofi.

Athygli vekur að Kristín Soffía hefur ekki tekið sæti í stjórn Strætó en Heiða Björg leysti hana af á þeim vettvangi á meðan Kristín var í fæðingarorlofi og virðist gera það enn.

Á vef Reykjavíkurborgar má sjá að Kristín Soffía situr eingöngu í borgarráði en Heiða Björg situr í umhverfis- og skipulagsráði, velferðarráði, ofbeldisvarnarnefnd, stjórn Strætó bs. og í stjórn Lífeyrissjóðs starfsmanna Reykjavíkurborgar.

Það kom ýmsum á óvart þegar ákveðið var að röðun frambjóðenda á lista skyldi fara fram með prófkjöri en heimildir blaðsins herma að baráttumenn um þriðja sæti listans hafi beitt sér mjög fyrir þeirri leið. Það stefnir í harða baráttu um þriðja sætið og munu minnst fjórir karlar keppa um sætið. Hjálmar Sveinsson vill gjarnan sitja sem fastast í sínu sæti en Skúli Helgason og Magnús Már Guðmundsson vilja báðir færa sig ofar á listann og ná þriðja sætinu. Sabine Leskopf sýnir hins vegar mikinn metnað og hyggst sækjast eftir þriðja til fjórða sæti en hún var í níunda sæti fyrir síðustu kosningar. Dóra Magnúsdóttir sem var einu sæti á undan Sabine síðast stefnir einnig á fjórða sætið. Nokkrir nýliðar gefa kost á sér í fremstu röð og hyggst Aron Leví Beck, formaður Hallveigar – ungra jafnaðarmanna í Reykjavík, blanda sér í baráttuna um bronsið.

Þá mun Ólafur Örn Ólafsson veitingamaður ætla að sækjast eftir fjórða til sjötta sæti og einnig hefur heyrst að Sverrir Bollason ætli sér í framboð og vilji sæti framarlega á lista. Framboðsfrestur rennur út næsta fimmtudag, 25. janúar. **adalheidur@frettabladid.is**

## Helstu keppinautar í flokksvali Samfylkingarinnar



**1.** Dagur B. Eggertsson

**2.** Kristín Soffía Jónsdóttir

**2.** Heiða Björg Hilmisdóttir

■ Dagur er óumdeildur í leiðtogasæti flokksins.

■ Kristín Soffía, efsta konan á lista eftir brotthvarf Bjarkar Vilhelmsdóttur, og Heiða Björg, varaformaður flokksins, vilja báðar 2. sætið.



**3.** Hjálmar Sveinsson

**3.** Skúli Helgason

**3.** Magnús M. Guðmundsson

**3.** Aron Leví Beck

**3.** Sabine Leskopf

■ Hjálmar fær harða samkeppni um 3. sætið því bæði Skúli og Magnús vilja komast ofar á lista. Sabine er eina konan í baráttunni um þriðja sætið og vill stökkva upp um fimm sæti. Einn nýliði gefur kost á sér í 3. sætið, formaður ungra Jafnaðarmanna í Reykjavík, Aron Leví Beck.

## Listi flokksins frá 2014

| | |
|---|---|
| 1 | Dagur B. Eggertsson |
| 2 | Björk Vilhelmsdóttir |
| 3 | Hjálmar Sveinsson |
| 4 | Kristín Soffía Jónsdóttir |
| 5 | Skúli Helgason |
| 6 | Heiða Björg Hilmisdóttir |
| 7 | Magnús Már Guðmundsson |
| 8 | Dóra Magnúsdóttir |
| 9 | Sabine Leskopf |
| 10 | Tomasz Chrapek |

**Flokksvalið fer fram 10. febrúar og framboðsfrestur rennur út á fimmtudaginn. Sjálfar borgarstjórnarkosningarnar fara fram 26. maí næstkomandi.**

## Birta dagskrá von bráðar

**STJÓRNSÝSLA** Dagskrá yfir saka- og einkamál Landsréttar mun líta dagsins ljós á næstunni samkvæmt upplýsingum Hervarar Þorvaldsdóttur, forseta réttarins. Landsréttur hóf störf í byrjun janúar og segir Hervör að málin hafi borist um áramótin. Þá fengu málsaðilar viðbótarfrest til þess að skila inn greinargerð með athugasemdum vegna breyttra laga. Hingað til hefur rétturinn kveðið upp úrskurð í sjö kærumálum. Innanhússbyggingarvinna fer þá enn fram í húsnæði réttarins að Vesturvör 2 í Kópavogi. „Það er enn verið að klára, en þetta mjakast áfram," segir Hervör í samtali við blaðið. **– dfb**

## Háskattar á eldi óhugsanlegir

**FISKELDI** Einar K. Guðfinnsson, formaður stjórnar Landssambands fiskeldisstöðva, segir ekki hægt að bera saman fiskeldisiðnaðinn hér á landi og í Noregi í ljósi ummæla Óttars Yngvasonar í gær.

„Í fyrsta lagi er það þannig að í Noregi eru núna framleiddar 1,3 milljónir tonna af laxi. Fiskeldið þar hefur verið að byggjast sveiflukennt upp á síðustu fjörutíu árum. Við erum að slíta barnsskónum og heildarframleiðsla af laxi hjá okkur í sjókvíum í fyrra var í kringum 10.000 tonn. Það sjá allir að það er ekki hægt að leggja ofurskatta á grein sem er í uppbyggingu, enda gerðu Norðmenn það ekki fyrr en þeir voru komnir með um 500.000 tonna framleiðslu," segir Einar. **– aig**



**Einar K. Guðfinnsson.**





Nicotinell Mint/Fruit/Lakrids/IceMint/Spearmint lyfjatyggigúmmí, Nicotinell Mint munnsogstöflur, Nicotinell forðaplástur. Inniheldur nikótín.
Til meðferðar á tóbaksfíkn. Lesið vandlega upplýsingar á umbúðum og fylgiseðli fyrir notkun lyfsins. Leitið til læknis eða lyfjafræðings sé þörf á frekari upplýsingum um áhættu og aukaverkanir.
Sjá nánari upplýsingar um lyfið á www.serlyfjaskra.is.

LYFJA – Lífið heil

**15% afsláttur**

**af öllu Nicotinell lyfjatyggigúmmí, öllum styrkleikum og pakkningarstærðum.**

**Gildir út janúar 2018**

lyfja.is

**#SENDUSTRAUM**
SAMORKA.IS/DAGURRAFMAGNSINS

23. janúar
Dagur rafmagnsins

# SENDU STRAUM

DAGUR RAFMAGNSINS 2018

Í fyrra sendum við 160 sólarorkulampa til þorpsins Mwanza í Kenía og breyttum lífi 800 þorpsbúa til hins betra.

**Nú endurtökum við leikinn.**

Á degi rafmagnsins 23. janúar viljum við þakka fyrir þau forréttindi sem við búum við hér og koma öðrum til aðstoðar við að skipta úr steinolíu yfir í ódýran, endurnýjanlegan og heilnæman orkugjafa.

**Taktu mynd sem sýnir hvaða hlutverki rafmagn gegnir í þínu lífi og deildu henni á Facebook eða Instagram undir merkinu #sendustraum. Fyrir hverja mynd sem berst leggur SAMORKA 300 kr. til GIVEWATTS.org, sem sér um að koma sólarorkulömpum þangað sem þörfin er mest í Afríku.**

**WWW.SAMORKA.IS/DAGURRAFMAGNSINS**



SAMORKA
Samtök orku- og veitufyrirtækja




ráðum ráðningarstofa
Er verið að leita að þér?
RÁÐUM EHF • Vegmúla 2, 108 Reykjavík • Sími 519 6770 • radum@radum.is


Sýrlenskir uppreisnarmenn eru Tyrkjum til halds og trausts. NORDICPHOTOS/AFP

# Tóku fjóra bæi af YPG í Afrin

**Tyrkneski herinn hefur sölsað undir sig bæi í Afrin-héraði Sýrlands. Brjóta hersveitir Kúrda á bak aftur.**

**SÝRLAND** Tyrkneski herinn tók í gær bæina Shankal, Qorne, Bali og Adah Manli auk nokkurra dreifbýlissvæða í Afrin-héraði í norðvesturhluta Sýrlands. Frá þessu greindi Anadolu-fréttastofan í gær en Tyrkir réðust inn í Sýrland á sunnudag eftir hrinu loftárása.

Aðgerðir Tyrklandshers beinast gegn YPG, her Kúrda, en Tyrkir vilja meina að um sé að ræða hernaðararm Verkamannaflokks Kúrda (PKK). Sá flokkur hefur í um þrjá áratugi verið útlægur frá Tyrklandi og álitinn hryðjuverkasamtök meðal annars af Evrópusambandinu og Atlantshafsbandalaginu.

YPG hefur neitað því alfarið að vera hernaðararmur PKK og er aðili að hernaðarbandalaginu gegn ISIS, rétt eins og Tyrkir og sveitir sýrlenskra uppreisnarmanna sem nú aðstoða Tyrki í aðgerðunum gegn Kúrdum. Þrátt fyrir aðild sína að hernaðarbandalaginu hafa Tyrkir ítrekað fordæmt stuðning Bandaríkjamanna við YPG.

**» YPG neitar því að vera hernaðararmur PKK, Verkamannaflokks Kúrda.**

Samkvæmt bresku samtökunum Syrian Observatory for Human Rights náði YPG að brjóta Tyrki á bak aftur í tveimur bæjum. Þá hefur YPG greint frá því að tekist hafi að verjast Tyrkjum með sprengjuárásum nærri landamærum Tyrklands og Sýrlands. – þea






Amazon hefur opnað búð án afgreiðslukassa. NORDICPHOTOS/AFP

## Amazon opnar kassalausa búð

**TÆKNI** Bandaríski netverslunarrisinn Amazon opnaði í gær stórmarkað í borginni Seattle undir nafninu Amazon Go. Opnunin þykir merkileg þar sem engir afgreiðslukassar eru í búðinni en þá tækni hafa starfsmenn Amazon verið að prófa og þróa undanfarið ár.

Verslunin virkar þannig að skynjarar og myndavélar fylgjast með því hvað viðskiptavinir taka úr hillunum. Við inngöngu í verslunina skannar viðskiptavinur kort sitt og svo er hverju því sem tekið er úr hillum verslunarinnar bætt á reikning hans, eða eytt út ef varan er sett aftur á sinn stað. Svo einfaldlega er gengið út úr versluninni með vörurnar og upphæðin sem verslað var fyrir gjaldfærð af reikningi viðskiptavinarins.

Samkvæmt heimildum BBC gekk í fyrstu erfiðlega að tryggja að eftirlitskerfið ruglaði viðskiptavinum ekki saman. Nú hafi það vandamál verið leyst og því hafi verið opnað í gær.

Amazon hefur ekki tilkynnt um nein áform um opnun fleiri Amazon Go verslana og eru þær alls ótengdar Whole Foods-keðjunni sem Amazon keypti á síðasta ári. – þea




VITARA S ER SPORTJEPPI MEÐ AKSTUREIGINLEIKA Í SÉRFLOKKI
VITARA S ER FÁANLEGUR SJÁLFSKIPTUR EÐA BEINSKIPTUR

VERÐ FRÁ KR.
**4.440.000**

## VITARA S

Suzuki Vitara S er fjórhjóladrifinn sportjeppi með kraftmikilli 1.4L 140 hestafla BoosterJet vél sem er líka einstaklega sparneytin. Vitara S hefur hlotið einróma lof fyrir frábæra aksturseiginleika og er með rúmbetri bílum í sínum stærðarflokki.

Vitara S er með ríkulegum staðalbúnaði, sjálfskiptur eða beinskiptur og hlaðinn tækninýjungum.

## ALLGRIP

4WD All-grip tryggir öryggi í akstri og gott veggrip við erfiðar aðstæður. Þú kemst alla leið!

FLUTT MEÐ EIMSKIP

SUZUKI

Fáðu nánari upplýsingar á suzuki.is

Suzuki bílar hf. | Skeifunni 17 | Sími 568 5100

# Hrakfallasaga



Kristín Þorsteinsdóttir
kristin@frettabladid.is

United Silicon, félag sem rekið hefur verið utan um fyrirhugaða kísilframleiðslu á Reykjanesi, hefur verið lýst gjaldþrota.

Félagið fékk greiðslustöðvun í ágúst. Eftir að Umhverfisstofnun útilokaði að reksturinn hæfist á ný fyrr en að uppfylltum kröfum um miklar endurbætur, virðist stjórn félagsins hafi komist að þeirri niðurstöðu að ekki yrði sótt um fleiri gálgafresti. Óskað var eftir gjaldþrotaskiptum.

Þegar fyrsta skóflustungan var tekin að verksmiðju United Silicon í ágúst 2014 átti að byggja stærstu kísilverksmiðju í heimi. Verksmiðjan átti að verða mikil lyftistöng fyrir atvinnulífið á Suðurnesjum.

Ekki vantaði fyrirmennin við athöfnina. Tölur fluttu Sigmundur Davíð Gunnlaugsson, þáverandi forsætisráðherra, og Ragnheiður Elín Árnadóttir iðnaðarráðherra sem sagði tímamótin til marks um að hjólin væru farin að snúast eftir hrun.

Saga United Silicon er samfelld hrakfallasaga frá fyrsta starfsdegi. Verksmiðjan stóðst aldrei byggingarreglugerðir og var þar fyrir utan meira og minna óstarfhæf allan rekstrartíma félagsins.

Ljóst er að Arion banki fær langstærsta skellinn. Bankinn var burðarás í fjármögnun verksins. Hann fékk fyrr en varði allt í fangið og neyddist til að breyta lánum í hlutafé – var orðinn stærsti hluthafinn þegar yfir lauk.

Í ársreikningi færði hann niður 4,8 milljarða vegna United Silicon, og líklegt er að frekari afskrifta sé þörf, enda lagði bankinn um átta milljarða í hítina. Eru þá ótaldar þær tvö hundruð milljónir sem bankinn lagði félaginu til mánaðarlega meðan á greiðslustöðvun stóð.

Ekki má gleyma að þrír íslenskir lífeyrissjóðir lögðu um milljarð króna í ævintýrið. Í apríl, þegar ljóst átti að vera hvert stefndi, lögðu Festa og Frjálsi lífeyrissjóðurinn félaginu til 433 milljónir króna. Félagar í sjóðunum hljóta að spyrja sig um greiningarvinnuna að baki þeirri fjárfestingu.

Í nýrri skýrslu KPMG um starfsemina kemur ýmislegt kúnstugt fram, og þá helst grunsemdir um að Magnús Garðarsson forstjóri hafi dregið sér ríflega 600 milljónir króna úr sjóðum félagsins. Hann hafi falsað reikninga, undirskriftir og lánasamninga, og útbúið gervilén. Virðist þetta hafa átt sér stað frá upphafi. Arion banki hefur kært Magnús.

Spurning er hvort ekki sé of seint í rassinn gripið. Því hlýtur að vera verðugt athugunarefni hvort banki, með fjölda sérfræðinga og ráðgjafa á sínum snærum, getur spilað út fórnarlambsspilinu. Ýmislegt lá fyrir um skrautlega fortíð forstjóra United Silicon. Þrátt fyrir það hefur bankinn lýst því yfir að könnunarvinna í aðdraganda viðskiptanna hafi verið „í öllum meginatriðum góð“.

Arion banki er að hluta í eigu ríkisins. Lífeyrissjóðirnir eiga að ávaxta peninga fólksins sem á þá. United Silicon fékk fyrirgreiðslu frá yfirvöldum og átti greinilega hauk í horni meðal stjórnmálamanna, fleiri en einn og fleiri en tvo. Þegar farið er með opinbert vald og almannafé, verður að gera þá kröfu að vandað sé til verka. Þess vegna eigum við heimtingu á að upplýst verði með ítarlegum hætti hvernig málum var háttað í tengslum við United Silicon.

> **Þegar fyrsta skóflustungan var tekin að verksmiðju United Silicon í ágúst 2014 átti að byggja stærstu kísilverksmiðju í heimi. Verksmiðjan átti að verða mikil lyftistöng fyrir atvinnulífið á Suðurnesjum.**




## Halldór




## Frá degi til dags

**Eineltispúkinn Viðar**
**Viðar Guðjohnsen heldur fullum dampi sem senuþjófur leiðtogaprófkjörs Sjálfstæðisflokksins í Reykjavík. Holdafar fólks er frambjóðandanum mjög hugleikið eins og frægt er orðið. Á fundi í Valhöll á laugardaginn, þar sem leiðtogaframbjóðendur kynntu áherslur sínar, sætti hann lagi og skaut ítrekað á keppinautinn Vilhjálm Bjarnason að hann væri of feitur. Vilhjálmur brosti að þessu til að byrja með en fór að leiðast þófið þegar Viðar hjó ítrekað í sama knérunn. Viðar hefur hrósað hinum mótframbjóðendunum þremur í viðtölum en virðist eitthvað uppsigað við Vilhjálm.**

**Hver borgar á línuna?**
**Áslaug Friðriksdóttir sker sig úr hópi þeirra sem etja kappi um leiðtogasæti Sjálfstæðisflokksins í borginni þar sem hún er jákvæð í garð hinnar umdeildu borgarlínu. Borgarlínan er þyrnir í augum flestra sem tjá sig í símatíma útvarps Sögu sem og þáttastjórnandans Péturs Gunnlaugssonar. Eyþór Arnalds er því að vonum vinsæll í þessu mengi þar sem hann var byrjaður að tala um borgarlínuna sem tímaskekkju áður en hann bauð sig fram. Á stöðinni er línan núna kölluð „borgað á línuna“ og auðheyrt að í hópi hlustenda er lítill áhugi á því að greiða þann reikning.**

**thorarinn@frettabladid.is**

# Erlendir ferðamenn vilja íslenskt lambakjöt



Svavar Halldórsson
framkvæmdastjóri Icelandic lamb

> **Þessi frábæri árangur er framar bjartsýnustu spám og afrakstur ómældrar vinnu bænda og þeirra starfsfólks, leiðsögumanna, kokka, þjóna og margra fleiri.**

Margt hefur breyst í íslensku þjóðlífi á undanförnum árum. Hingað liggur stöðugur straumur ferðamanna með tilheyrandi umsvifum. Á sama tíma skipa samfélagsmiðlar og snjalltæki sífellt stærri sess í lífi okkar flestra. Með þeirra hjálp getum við ennþá betur komið á framfæri réttum skilaboðum um hreinleika okkar einstæðu náttúru og gæði þeirra frábæru matvæla sem hún færir okkur.

**Öflugt samstarf**

Fyrir rúmu ári tók markaðsstofan Icelandic lamb til við að kynna lambakjöt og aðrar íslenskar sauðfjárafurðir fyrir erlendum ferðamönnum. Komið hefur verið á samstarfi við um 110 veitingastaði og sérverslanir sem setja lambakjöt í öndvegi. Rekin er öflug markaðsherferð á netinu þar sem myndböndum og öðru efni er dreift á samfélagsmiðlum til að kynna þjóðarréttinn fyrir þeim gestum sem hingað koma.

Öll markaðssetningin er undir sérstöku merki Icelandic lamb. Samkvæmt nýrri könnun sem Gallup gerði í nóvember og desember þekkja 27% erlendra ferðamanna merkið. Það er miklu betri árangur á einu ári en nokkur þorði að vona. Af þeim sögðust líka 73% hafa mjög eða nokkuð jákvætt viðhorf til merkisins. Neikvætt viðhorf mældist ekki.

**54% borða lambakjöt**

Gallup spurði líka hvort ferðamennirnir hefðu borðað lambakjöt á Íslandi. Í ljós kom að 50% borða lambakjöt á veitingastöðum en 13% borða lambakjöt sem keypt er í búð. Skörun er á milli þessara hópa en samtals borða 54% þeirra einhvern tíma lambakjöt í ferðinni. Þessi frábæri árangur er framar bjartsýnustu spám og afrakstur ómældrar vinnu bænda og þeirra starfsfólks, leiðsögumanna, kokka, þjóna og margra fleiri. Takk, Íslendingar, fyrir að hjálpa okkur að segja söguna um íslenska lambið.

FRÉTTABLAÐIÐ
**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Einar Þór Sverrisson **FORSTJÓRI:** Ingibjörg Stefanía Pálmadóttir **ÚTGEFANDI OG AÐALRITSTJÓRI:** Kristín Þorsteinsdóttir *kristin@frettabladid.is*
**AÐSTOÐARRITSTJÓRAR:** Kjartan Hreinn Njálsson *kjaranh@frettabladid.is*, Ólöf Skaftadóttir *olof@frettabladid.is*, Sunna Karen Sigurþórsdóttir *sunnak@frettabladid.is*.
Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871 **FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík Sími: 512 5000,** *ritstjorn@frettabladid.is* **HELGARBLAÐ:** Kristjana Björg Guðbrandsdóttir *kristjanabjorg@frettabladid.is* **MARKAÐURINN:** Hörður Ægisson *hordur@frettabladid.is*
**MENNING:** Magnús Guðmundsson *magnus@frettabladid.is* **LÍFIÐ:** Guðný Hrönn Antonsdóttir *gudnyhronn@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Vilhelm Gunnarsson *villi@365.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is*

# Er verðmæti fólgið í vinnslu fisks eða erum við bara veiðimenn?




**Arnar Atlason**
formaður Samtaka fiskframleiðenda og útflytjenda (SFÚ)

**Ólafur Stephensen**
framkvæmdastjóri Félags atvinnurekenda (FA)

Samkeppnisstaða íslenskrar fiskvinnslu, einkum og sér í lagi fiskvinnslu fyrirtækja án útgerðar, er að mörgu leyti erfið. Súluritin sem fylgja þessari grein sýna í hnotskurn hráefnisvanda vinnslunnar; á árunum 2001 til 2016 fer hlutfall afla sem fer á innlenda fiskmarkaði úr 20% í 15%. Neðri myndin sýnir svo útflutning óunnins afla en eftir viðvarandi samdrátt í útflutningi hans allt til ársins 2012 virðist mikil aukning aftur vera í farvatninu.

### Hækkanir á launakostnaði

Það eru margar ástæður fyrir því að fiskvinnslan á í erfiðri glímu við erlenda samkeppni. Gengissveiflur eru ein þeirra, en við hagstjórnina hefur reynst erfitt að ná tökum á þróun krónunnar. Aðrar stærðir eru viðráðanlegri og þróast með ákvörðunum innlendra aðila. Tökum nokkur dæmi.

Tryggingagjaldið var í upphafi aldarinnar 5,23% af greiddum launum. Það fór hæst í 8,65% árið 2010 en stendur nú í 6,85% og hefur ekki verið lækkað til samræmis við hlutfallið sem gilti fyrir hrun, þrátt fyrir ítrekuð loforð stjórnmálamanna.

Kjarasamningar undanfarin misseri, hafa jafnframt snúist um greiðslur í lífeyrissjóði og skattfríðindi vegna þeirra. Séreignarsjóðir ýta til að mynda undir aukinn sparnað á sama tíma og þeir draga úr ráðstöfunartekjum einstaklinga.

Framlag atvinnurekenda í lífeyrissjóð var í upphafi aldarinnar 6% af launum en verður á þessu ári 10,5%.

Á sama tíma hefur tekjuskattsbyrði launa við neðri fjórðungsmörk hækkað úr um 20% í 25%, samkvæmt nýrri skýrslu Alþýðusambandsins um þróun skattbyrði. Vinnuveitandinn þarf sem því nemur að greiða fleiri krónur í launaumslagið til að tryggja starfsmönnum sínum sömu ráðstöfunartekjur.

Frá árinu 2001 hafa hlutfallstengd gjöld og frádrættir launþega og launagreiðenda hækkað úr liðlega 50% í 65%. Þetta útskýrist betur ef horft er til þess að í upphafi tímans þurfti 2,2 kr. í launakostnað til að koma 1 kr. í vasa starfsmannsins en ef þetta hlutfall hækkar í 67% mun þurfa 3 kr. Tekið skal fram að hér er horft fram hjá persónuafslætti.

Síðast en ekki síst hafa verið gerðir kjarasamningar, sem kveða á um 32% hækkun launakostnaðar að meðaltali á tímabilinu nóvember 2013 tilársloka 2018, að teknu tilliti til breytinga á lífeyrisiðgjöldum, á samningstímanum. Þetta eru langtum meiri launahækkanir en fyrirtæki í samkeppnislöndum okkar hafa þurft að bera. Hið opinbera leiddi í raun þessa launaþróun með samningum sínum við opinbera starfsmenn.

### Samkeppnishindranir innanlands

Ofangreindar breytingar eiga við um öll fyrirtæki í landinu. Í tilviki sjálfstæðra fiskvinnslufyrirtækja bætist við skökk samkeppnisstaða á innanlandsmarkaði. Samkeppniseftirlitið gaf árið 2012 út álit, þar sem komist var að þeirri niðurstöðu að ýmsar samkeppnishömlur hlytust af lóðréttri samþættingu útgerðar og fiskvinnslu. Vegna hennar hallaði á samkeppnisstöðu fiskvinnslufyrirtækja án útgerðar og útgerðarfyrirtækja án fiskvinnslu.

Samkeppniseftirlitið lagði í fyrsta lagi til að beitt yrði milliverðlagningarreglum í innri viðskiptum samþættra útgerðar- og fiskvinnslufyrirtækja til að taka á því að vinnsluhlutinn fær iðulega aflann á mun lægra verði en gildir á fiskmörkuðum. Þetta er ein meginástæða þess að framboð á afla er ónógt á fiskmörkuðum. Jafnframt var lagt til að álagningu hafnargjalda yrði breytt. Í þriðja lagi lagði Samkeppniseftirlitið til að fyrirkomulagi Verðlagsstofu skiptaverðs yrði breytt þannig að útgerðarmenn kæmu ekki beint að ákvörðunum hennar um verð. Loks lagði Samkeppniseftirlitið til að auka heimildir til kvótaframsals og heimila aðilum sem ekki ættu fiskiskip að kaupa, leigja og selja aflaheimildir.

Í stuttu máli hafa þeir fimm sjávarútvegsráðherrar, sem síðan hafa setið, ekkert aðhafst til að hrinda tillögum Samkeppniseftirlitsins í framkvæmd. Stjórnmálamenn úr öllum flokkum hafa ítrekað heitið að beita sér fyrir því að meiri afli fari um fiskmarkaðina, án þess að nokkuð hafi orðið um efndir.

Aðrar þjóðir, til að mynda Bretar, leggja upp úr því að fá íslenskan fisk til vinnslu. Þær þúsundir tonna sem þangað fara segja þeir að skapi þúsundir starfa og verðmæti sem eru talin í milljörðum. Hvert erum við komin þegar við erum tilbúin að láta slíkt frá okkur?

## Þorsksala á fiskmörkuðum




## Útflutningur óunnins afla






# Stal bikartitlinum í Slóvakíu

Helena Sverrisdóttir, ein besta körfuboltakona landsins, fagnaði bikarmeistaratitli í Slóvakíu um helgina. Hún hlakkar til að koma heim til Íslands í Hauka og klára tímabilið. Verður án fjölskyldunnar í tíu daga.

**KÖRFUBOLTI** „Það eru smá tilfinningar í gangi núna því ég var að skutla mömmu og stelpunni minni á flugvöllinn. Ég hef aldrei verið svona lengi frá dóttur minni en ég verð tíu daga ein og hún því með pabba sínum – sem er kannski bara gott því að hún var orðin svolítið háð mér,“ segir Helena Sverrisdóttir, ein besta körfuboltakona landsins.

Helena varð um helgina bikarmeistari með liði sínu, Good Angels Kosice, eftir spennandi leik þar sem úrslitin réðust á síðustu sekúndunum. „Það mætti alveg segja að við höfum stolið þessum sigri. Við vorum fimm stigum undir lengi vel þangað til rúmar tvær mínútur voru eftir. Þá komumst við yfir en síðustu sekúndurnar voru svolítið klikkaðar. Þær skora þegar 12 sekúndur eru eftir og komast yfir og mikil spenna. Við náðum að skora þegar tvær sekúndur voru eftir og unnum leikinn með einu stigi.

Ég var alveg pínu lengi að melta þennan leik því mér fannst við ekki spila nægilega vel til að geta unnið hann. Þetta var svo dramatískt. Þær hentu boltanum út af þannig að við fengum séns og nýttum hann. Dæmið snerist við frá því í fyrra, þá var sigrinum stolið af Good Angels og þetta var því ágætis hefnd.“

Kosice er um 250 þúsund manna borg í austanverðri Slóvakíu sem Helena þekkir vel til enda spilaði hún með liðinu 2011-2013. Hún vissi því vel hvað hún var að fara út í þegar hún ákvað að taka smá sprett í deildinni en hún mun koma heim 1. febrúar og klára tímabilið með Haukum.

Öll fjölskyldan fór með, Finnur Atli Magnússon, sem einnig leikur með Haukum, og dóttir þeirra. „Finnur var hér úti alveg til 10. janúar en fór þá heim út af körfunni og vinnunni. Mamma kom þá og hljóp í skarðið.

Það eru sex ár síðan ég var hérna og það eru enn þrjár stelpur sem voru með mér í liðinu. Það var vel tekið á móti mér og ég þekki enn marga. Það var auðvelt og þægilegt að komast inn í hlutina og það er vel hugsað um mann.

Ég var að koma með fjölskylduna mína og það var ekkert mál. Við fengum bíl og íbúð og allt sem dóttirin þurfti. Það var vel passað upp á okkur.“



Helena og Finnur að njóta lífsins saman. Þau telja niður dagana að 1. febrúar.

> Ég var að koma með fjölskylduna mína og það var ekkert mál. Við fengum bíl og íbúð og allt sem dóttirin þurfti. Það var vel passað upp á okkur.
>
> Helena Sverrisdóttir

Helena segir að hún hafi ekkert endilega verið að leita eftir því að fara aftur út. Hún vildi allavega ekki fara bara til þess eins að fara enda Haukar í toppbaráttunni í Domino's-deild kvenna og spennandi hlutir að gerast í körfuboltanum í Hafnarfirði. „Eigandi liðsins er besti vinur umboðsmannsins míns þannig að ég treysti þeim og svo vissi ég að allt er tipptopp hérna.

Það var líka erfitt að fara frá Haukum á miðju tímabili. Það er búið að ganga vel hjá okkur. Ég var eiginlega fengin til að komast í 8-liða úrslit Evrópukeppninnar sem tókst en fyrsti leikurinn er á fimmtudag. Svona tækifæri bjóðast auðvitað ekki á hverjum degi.

Ég spila leikinn 31. janúar og flýg beint heim daginn eftir. Ég lét vita að ég ætlaði að klára tímabilið með Haukum.“

Helena segir að hún hafi ekkert endilega sett atvinnumannsdrauminn á hilluna því ef eitthvað spennandi kæmi upp myndi hún alltaf skoða það hið minnsta. Aðspurð hvort þau körfuboltaparið fái ekki tilboð um að leika með karla- og kvennaliði einhvers staðar segir hún að það gæti vel verið að Finnur hafi opnað á þær dyr. „Hann spilaði með B-liði hérna úti og sló í gegn þannig að það er aldrei að vita.“ **benediktboas@365.is**

# Einn hefur kvartað

**FÓTBOLTI** Samkvæmt upplýsingum frá Kópavogsbæ hefur einn aðili kvartað undan meiðslum sem hann varð fyrir í Kórnum, knattspyrnuhúsi Kópavogs. Nýtt gervigras var lagt á völlinn og hafa þó nokkrir knattspyrnumenn og konur kvartað undan að grasið sé þurrt og stamt.

Nokkur umræða varð meðal knattspyrnufólks um málið á samfélagsmiðlinum Twitter en þar kom fram að grasið yrði ekki vökvað. Grasið sem var áður í Kórnum var vökvað reglulega.

Í umræðunum kom fram að allar ábendingar skyldu berast Kópavogsbæ en þar á bæ könnuðust menn við eina slíka ábendingu. **– bb**



**Jurgen Klopp er knattspyrnustjóri Liverpool.** NORDICPHOTOS/GETTY

# Liverpool hjálpar Flanagan

**FÓTBOLTI** Varnarmaðurinn Jon Flanagan verður ekki rekinn frá Liverpool þrátt fyrir að hafa fengið 12 mánaða dóm fyrir ofbeldi gegn kærustu sinni. Hann játaði að hafa hrint kærustu sinni, Rachel Wall, tvisvar sinnum á vegg og sparkað í hana á meðan hún lá. Atvikið náðist á öryggismyndavélar.

Flanagan var einnig dæmdur til að sinna 40 klukkustunda samfélagsvinnu án launa. Þrátt fyrir dóminn mun Liverpool ekki rifta samningi við kauða. Samningurinn rennur út í sumar og hefur varnarmaðurinn aðeins verið einu sinni í liði Jürgens Klopp á tímabilinu.

Félaginu finnst það skylda sín að hjálpa Flanagan á beinu brautina. Parið er enn saman og reynir að vinna úr málinu. Wall kærði ekki atvikið á sínum tíma og neitaði að gefa lögreglu skýrslu. Þar sem atvikið náðist á öryggismyndavél kærði lögreglan hann engu að síður. **– bb**

HITACHI SKJÁVARPAR Í MIKLU ÚRVALI



OG BÚNAÐUR SEM LÆTUR ÞIG LÍTA VEL ÚT Á FUNDUM

SKOÐAÐU ÚRVALIÐ Á EXTON.IS

EXTON Ljós - Hljóð - Mynd

# Ekki meira en 12 ár í einu

**FÓTBOLTI** Stjórn Knattspyrnusambands Íslands mun leggja til lagabreytingu á ársþingi sambandsins hinn 10. febrúar nk. sem snýr að kjörtímabili formanns KSÍ og heildartíma hans á valdastól sem og annarra stjórnarmanna.

Fram kemur í fundargerð stjórnar KSÍ frá 9. janúar að Íþrótta- og Ólympíusamband Íslands hafi gert „litlar efnislegar athugasemdir“ við vinnu starfshóps Knattspyrnusambandsins í málinu. Í samtali við Vísi sagði Gísli Gíslason, stjórnarmaður KSÍ og formaður laga- og leikreglunefndar, að tillagan sneri að formanni sambandsins. Hann myndi sitja í þrjú ár í stað tveggja og hefði aðeins kjörgengi í 12 ár.

Félögunum í landinu og samtökunum Íslenskum toppfótbolta koma þessar lagabreytingar ekki á óvart því samþykkt var á stjórnarfundi KSÍ að senda tillögurnar strax til þeirra. Starfshópurinn sem vann að þeim óskaði einnig eftir ábendingum frá aðildarfélögum KSÍ um málið.



Guðni Bergsson var kjörinn formaður KSÍ í fyrra og þarf því ekki að hafa áhyggjur af starfinu á ársþinginu á Hilton í febrúar.

Þessi breyting gildir ekki um sitjandi formann og stjórnarmenn sem voru kosnir eftir gömlu lögunum þannig að kosið verður um formann á ársþinginu 2019 og mun sá sem þar hlýtur kosningu sitja í þrjú ár í senn, en þó ekki lengur en tólf ár í einum rykk, verði breytingarnar samþykktar. **– tom**

# Handtekinn og bannaður

**FÓTBOLTI** Lögreglan í Lundúnum hefur handtekið mann eftir að myndband birtist á netinu þar sem hann sést pissa í vatnsbrúsa og henda í áttina að markverði QPR, Alex Smithies. Opnar maðurinn brúsann og pissar í hann að því er virðist á myndbandinu. Skrúfar svo lokið í mestu makindum á og hendir brúsanum í áttina að markinu. Stuttu síðar varði markvörðurinn ágætt skot, þurrkaði hanskana í handklæðinu og fékk sér sopa úr brúsanum.

„Við getum staðfest að við höfum handtekið mann sem var á leik QPR og Middlesbrough. Hann mun koma fyrir dóm í næsta mánuði,“ segir í yfirlýsingu frá lögreglunni. Óheimilt er með öllu að henda hlutum inn á leikvang. Manninum hefur einnig verið bannaður aðgangur að heimaleikjum Boro. **– bb**

# Fólk
## Heilsa

ÞRIÐJUDAGUR 23. JANÚAR 2018



Erla Björnsdóttir er sálfræðingur og doktor í líf- og læknavísindum. Hún verður gestur í Heimspekikaffi Gunnars Hersveins í Gerðubergi á morgun, þar sem umræðuefnið er: Hefur svefn áhrif á hamingju? MYND/ANTON BRINK

# Heilinn skreppur saman á nóttunni

Við eigum auðveldara með að sofna þegar okkur líður vel og erum hamingjusöm. Erla Björnsdóttir sálfræðingur gefur ýmis heilræði til að auka hamingju og góðan nætursvefn í Gerðubergi á morgun. →2

*Frábærar veislur fyrir hópa*

Lambalæri bernaise og lambakótelettur 3.600 kr.
Þorramatur og heit og köld sviðaveisla 3.600 kr.
Siginn fiskur og saltfiskur með hömsum 2.900 kr.

Sjávarréttasúpa, smáréttir, salatbar og viðeigandi meðlæti, kaffi og hjónbandssæla innifalið

Lágmark 10 manns.
Nánari upplýsingar á sjavarbarinn.is



SJÁVARBARINN
SEAFOOD RESTAURANT
Grandagarði 9 - Sími 517 3131 - sjavarbarinn.is

ENZYMEDICA

Söluhæsta meltingarvaran í Bandaríkjunum



Þórdís Lilja Gunnarsdóttir
thordisg@365.is



Framhald af forsíðu ➪

„Svefn er magnað og ótrúlega spennandi fyrirbæri því hann er svolítið eins og hafið,“ segir Erla Björnsdóttir, sálfræðingur og doktor í líf- og læknavísindum.

Erla hefur meðal annars rannsakað andlega líðan og lífsgæði út frá svefnleysi og kæfisvefni. Hún segir þær rannsóknir virkilega skemmtilegar.

„Það er enn svo margt á huldu um svefninn en við vitum þó að svefn er manninum lífsnauðsynlegur og að án svefns getur hann ekki verið,“ upplýsir Erla. „Í svefninum á sér stað mikil hreinsun, endurnæring og uppbygging. Afleiðingar svefnskorts koma mjög fljótt fram og jafnvel eftir eina svefnlausa nótt sést aukning bólguefna í líkamanum. Hugræn áhrif koma líka fljótt fram enda er svefn nauðsynleg hvíld fyrir hugann. Á nóttunni skreppur heilinn saman og verður minni að ummáli þegar hann losar sig við eiturefni og allskyns óþarfa.“

Erla verður gestur í Heimspekikaffi Gunnars Hersveins, rithöfundar og heimspekings, í Borgarbókasafninu í Gerðubergi annað kvöld, en saman ætla þau að eiga skemmtilegt samtal um áhrif svefns á hamingju.

„Tengsl á milli svefns og hamingju eru líklega mikil. Svefn hefur áhrif á líðan okkar og flestallt í daglegu lífi. Þegar við erum illa sofin erum við illa fyrirkölluð. Þráðurinn er styttri, það þarf minna til að setja okkur út af laginu og við náum ekki að njóta okkar eins vel og við gerum þegar við keyrum á fullum tanki,“ segir Erla.

Huga þurfi sérstaklega vel að svefni í kröfuhörðu nútímasamfélagi Íslendinga.

„Allan sólarhringinn erum við umkringd áreitum og skil á milli vinnu og einkalífs eru óljósari en áður. Tölvupósturinn er kominn í símann og stöðugt áreiti gerir að verkum að margir klípa af svefninum. Þegar við erum búin að vera í kringum ljósáreiti snjalltækjanna og í miklum samskiptum eigum við erfiðara með að sofna á kvöldin því svefninn þarf sinn aðdraganda. Því þurfum við að gíra okkur niður með rólegri rútínu á kvöldin til að gefa okkur tíma og næði fyrir svefninn,“ segir Erla.

Margar rannsóknir sýni að íslenskir unglingar sofi alltof stutt.

„Börn í 10. bekk sofa að meðaltali sex tíma á virkum dögum en þurfa níu til tíu tíma nætursvefn. Við sjáum mjög sterk tengsl á milli svefnvandamála og kvíða og þunglyndis. Ef við sofum illa að staðaldri verðum við döpur og andleg heilsa getur orðið mun verri, ekki síst hjá unglingum sem eru að ganga í gegnum miklar þroskabreytingar. Vaxtarhormón myndast í djúpsvefni og því er áríðandi að þau fái nægan svefn til að vaxa og þroskast rétt.“



Hægt er að skoða ýmsa fræðslu sem viðkemur svefni á vef Erlu, betrisvefn.is, og á liðnu ári skrifaði hún bókina Svefn. MYND/ANTON BRINK

## Leiðir til að auka hamingju

Margir hafa tileinkað sér þann ósið að ganga til hvílu með snjallsíma eða tölvu í bólið. Til að snúa baki við þeirri slæmu þróun segir Erla mikilvægt að koma sér upp góðri rútínu fyrir svefninn.

„Fullorðnir þurfa sjö til átta tíma nætursvefn sem þýðir að þeir þurfa að gíra niður líkama og sál einum til tveimur tímum áður. Slökkva á snjalltækjunum og koma sér í ró áður en gengið er til náða. Þeir þurfa líka að passa upp á lífsstílinn, hreyfa sig nóg og borða heilsusamlega. Koffín hefur slæm áhrif á svefninn og vinsælir drykkir nú, eins og Nocco og Amino Energy, eru uppfullir af koffíni sem hefur neikvæð áhrif á svefn. Þá er sykurát fyrir svefninn ekki gott og við þurfum að gera okkar besta til að lágmarka streitu í kringum okkur,“ útskýrir Erla.

Margar leiðir séu til að auka vellíðan og hamingju.

„Til að auka hamingju okkar getum við leyst ýmis verkefni og slíkt virkar í báðar áttir. Við eigum auðveldara með að sofna ef okkur líður vel andlega. Yfir daginn getum við gert æfingar sem stuðla að jákvæðri hugsun og verið umkringd fólki sem okkur þykir vænt um og líður vel með. Við þurfum að gæta þess að gefa okkur tíma fyrir hluti sem eru okkur mikilvægir og huga að líkamlegri og andlegri heilsu. Að minna okkur á hvað við erum þakklát fyrir og skrifa á hverju kvöldi þrennt jákvætt sem gerðist yfir daginn, því að hugsa um hið góða yfir daginn í stað þess sem gekk illa veldur vellíðan. Það gengur flestum betur að sofna í jákvæðu jafnvægi.“

## Jákvætt viðhorf hefur áhrif

Erla segir svefn og streitu fara einkar illa saman.

„Það er eiginlega ómögulegt að sofna ef við upplifum mikla streitu og ef okkur líður illa eigum við hiklaust að fara fram úr og koma okkur í betra ástand. Aðalatriðið er að koma ró á hugann og gamla góða ráðið að telja kindur er í raun eitt form hugleiðslu því á meðan við teljum kindurnar bægjum við frá hugsunum um verkefni morgundagsins eða atburði nýliðins dags. Hugleiðing er góð leið til að gíra sig niður og eins er gott að lesa smástund í bók eða hlusta á róandi tónlist,“ segir Erla sem lumar á fleiri góðum ráðum fyrir góðan nætursvefn og aukna vellíðan.

„Sumum finnst gott að skrifa niður það sem leitar á hugann, um verkefni morgundagsins eða annað sem fólk óttast að gleyma. Með því eru hugsanirnar færðar úr huganum yfir á blað. Kynlíf fyrir svefninn er líka streitulosandi og veitir flestum vellíðan og ró á eftir. Þá getur verið gott að drekka flóaða mjólk eða heitt kamillute fyrir svefninn, en alls ekki grænt te eða aðra koffínríka drykki.“

Viðhorf fólks til svefnleysis og svefnvandamála getur líka skipt sköpum þegar kemur að svefni og hamingju.

„Hlutir sem við höfum enga stjórn á ættu ekki að hafa of mikil áhrif á líðan okkar. Við höfum alltaf val um viðhorf ef við til dæmis vöknum eftir erfiða nótt. Við getum sannarlega ekki breytt nóttinni því hún er liðin en ef viðhorfið er það að nóttin hafi verið hræðileg og dagurinn verði ömurlegur er víst að hann verður svo. Ef við hins vegar hugsum jákvætt, að nóttin hafi ekki verið nógu góð og við þurfum að sofa betur næstu nótt, fáum okkur bara einum kaffibollanum meira og að við höfum áður sofið lítið en komist í gegnum daginn verður það allt minna mál,“ útskýrir Erla og með því að tileinka sér jákvæða hugsun verði dagurinn miklu auðveldari.

„Viðhorf okkar hefur gríðarsterk áhrif á allt sem við gerum og það hvernig okkur líður. Við þurfum því að hegða okkur í samræmi við það sem veitir okkur hamingju. Hreyfa okkur meira ef okkur líður vel af hreyfingu og hitta vinina oftar ef það færir okkur meiri hamingju. Hugsanir, hegðun og tilfinningar eru nátengd og því veldur hegðun, sem hefur jákvæð áhrif á hugsun okkar, því að við förum ósjálfrátt að veita jákvæðum hlutum athygli og allt veldur það meiri hamingju og enn betri nætursvefni.“

Heimspekikaffi með Gunnari Hersveini og Erlu hefst klukkan 20 í Borgarbókasafninu Gerðubergi, miðvikudaginn 24. janúar. Aðgangur er frír og allir velkomnir.

**Fólk er kynningarblað** sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana. Í blaðinu er einnig hefðbundið ritstjórnarefni. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

**Útgefandi:** 365 miðlar
**Ábyrgðarmaður:** Elmar Hallgríms Hallgrímsson

**Umsjónarmenn efnis:** **Elín Albertsdóttir,** elin@365.is, s. 512 5349 | **Ragnheiður Tryggvadóttir,** heida@365.is, s. 512 5367 | **Oddur Freyr Þorsteinsson,** oddurfreyr@365.is, s. 512 5368 | **Sigríður Inga Sigurðardóttir,** sigriduringa@365.is, s. 512 5372 | **Starri Freyr Jónsson,** starri@365.is, s. 512 5358 | **Þórdís Lilja Gunnarsdóttir,** thordisg@365.is s. 512 5338

**Sölumenn:** **Atli Bergmann,** atlib@365.Is, s. 512 5457 | **Jón Ívar Vilhelmsson,** jonivar@365.Is, s. 512 5429 | **Ólafur H. Hákonarson,** olafurh@365.Is, s. 512 5433 | **Ruth Bergsdóttir,** ruth@365.is, s. 512 5095,

MEISTARAMÁNUÐUR

Fimmtudaginn 25. janúar mun sérblaðið Meistaramánuður fylgja Fréttablaðinu.

Áhugasamir auglýsendur geta fengið nánari upplýsingar með því að senda póst á netfangið serblod@365.is eða með því að hringja í síma 512 5402



# Þarmaflóran, ónæmiskerfið og geðheilsan

**Öflug og rétt samsett þarmaflóra er grunnurinn að sterku ónæmiskerfi og rannsóknir hafa sýnt að rekja megi ýmsa líkamlega sem og andlega veikleika til lélegrar þarmaflóru.**

Í meltingarveginum lifa trilljónir baktería og eru flestar þeirra í ristlinum. Í daglegu tali köllum við þessar bakteríur þarmaflóru því þær samanstanda af meira en 1.000 tegundum og í ristlinum sinna þær ýmsum afar mikilvægum hlutverkum. Þær framleiða m.a. vítamín, amínósýrur, stuttar fitusýrur og ýmis boðefni og ensím. Við þurfum því að hugsa vel um þær og passa að jafnvægi sé til staðar svo þær hugsi vel um okkur. Þarmaflóran ver okkur líka gegn óæskilegum örverum og hefur margs konar áhrif á heila- og taugakerfið, þar með talið geðheilsu,“ segir Hrönn Hjálmarsdóttir, heilsumarkþjálfi hjá Artasan.





> **„Trefjaríkt fæði, gerjaðar afurðir og inntaka á öflugum mjólkursýrugerlum geta örvað vöxt hagstæðra örvera í meltingarveginum og haft þannig jákvæð áhrif á líkamsþyngd okkar.**
>
> Hrönn Hjálmarsdóttir

### Veikindi vegna lífsstíls

„Þarmaflóran í venjulegri manneskju inniheldur yfir þúsund mismunandi tegundir gerla og baktería. Jafnvægi þessara baktería getur auðveldlega raskast vegna veikinda, inntöku sýklalyfja, mikillar kaffidrykkju og ýmissa lífsstílstengdra þátta eins og mikils álags eða streitu, neyslu næringarsnauðrar fæðu og fæðu sem er mikið unnin. Fjölmargir eru líka að borða á hlaupum og á óreglulegum tímum sem er ekki síður slæmt. Við þessar aðstæður raskast jafnvægi þarmaflórunnar og getur fólk þá farið að finna fyrir ýmsum óþægindum og veikindi farið að gera vart við sig.“

### Líkamlegir og andlegir kvillar

Það er fjölmargt sem einkennir lélega þarmaflóru eða að hún sé í ójafnvægi. Rannsóknir síðari ára hafa svo rennt styrkum stoðum undir það hversu gríðarlega mikilvægt það sé að þarmaflóra okkar sé í góðu standi bæði hvað varðar líkamlega sem og andlega kvilla. Það kannast sennilega flestir við ýmsa konar ónot sem við tengjum beint við meltinguna. Það getur t.d. verið:

- Uppþemba eftir máltíðir
- Erfiðar hægðir
- Vindverkir
- Gyllinæð (tengist oft harðlífi)
- Sveppasýkingar
- Húðvandamál

Þetta er þó bara toppurinn á ísjakanum því nýlegar rannsóknir sýna að ástand þarmaflóru í veikum einstaklingum er mun verra en hjá heilbrigðum. Þá er verið að tala um bæði líkamlega og andlega sjúkdóma af ýmsu tagi.

### Einhverfa, athyglisbrestur og síþreyta

„Síðastliðin ár hafa menn verið að skoða þarmaflóru með tilliti til kvíða, þunglyndis, einhverfu og athyglisbrests og nú síþreytu. Í ljós hefur komið að þarmaflóra þessara hópa og síþreytuhópsins er ekki eins og hjá þeim sem eru hraustir. Rannsóknir hafa einnig sýnt að bæði forvarnir og meðhöndlun á geðrænum og taugatengdum sjúkdómum á að beina að ástandi þarmaflóru og meltingarvegar.“




**2 mánaða skammtur**

### Hefur þarmaflóran áhrif á þyngd?

„Rannsóknir gefa til kynna að nokkuð sterk tengsl séu á milli ástands þarmaflóru og líkamsþyngdar. Í stuttu máli þá bendir allt til þess þarmaflóra fólks sem er grannvaxið sé önnur en í feitu fólki. Þetta gefur okkur vísbendingar um að fjöldi hitaeininga hefur ekki allt að segja um þyngd okkar, heldur hafi öflug og heilbrigð þarmaflóra einnig mikið um það að segja,“ segir Hrönn.

„Trefjaríkt fæði, gerjaðar afurðir og inntaka á öflugum mjólkursýrugerlum geta örvað vöxt hagstæðra örvera í meltingarveginum og haft þannig jákvæð áhrif á líkamsþyngd okkar. Það er nefnilega ekki alltaf málið að telja hitaeiningarnar, móttaka og vinnsla á næringunni í þörmunum skiptir máli.“

### Góðgerlar sem margfalda sig í þörmunum

Prógastró Gull mjólkursýrugerlarnir eru afar öflugir en í hverju hylki eru 15 milljarðar af gerlastofnum sem eru bæði gall- og sýruþolnir. Einn þeirra er L. acidophilus DDS®-1 en þetta er nafn á mjög áhrifaríkum gerlastofni sem margfaldar sig í þörmunum. L. acidophilus DDS®-1 er talinn gagnlegur fyrir alla aldurshópa og benda rannsóknir einnig til þess að þessi gerill bæti almennt heilsufar fólks.

Sölustaðir: Flest apótek, heilsubúðir og heilsuhillur verslana.


# Lífrænt rauðrófuduft eykur úthald

Rannsóknir á rauðrófu hafa sýnt að hún hefur jákvæð áhrif á blóðflæðið í líkamanum. Íþróttafólk er sérlega hrifið af Organic Beetroot því það hefur góð áhrif á hjarta- og æðakerfi líkamans. Það víkkar æðar, lækkar blóðþrýsting og eykur snerpu, orku og úthald.



„Um það bil tveimur vikum eftir að ég fór að taka rauðrófuhylkin jókst úthaldið og þrekið á hlaupunum og ég fann bara almennt fyrir meiri orku“

*Ingveldur Erlingsdóttir maraþonhlaupari*




natures aid

LÍFRÆNT OFURFÆÐI



- Aukið blóðflæði
- Bætt súrefnisupptaka
- Lægri blóðþrýstingur
- Minni hand- og fótkuldi
- Aukið úthald, þrek og orka
- Heilbrigðara hjarta- og æðakerfi
- Betri heilastarfsemi

Fæst í apótekum, heilsubúðum og heilsuhillum verslana.

# Snjallúr vakta hjartsláttinn

**Nýr aukahlutur fyrir snjallúr gefur svo nákvæmar og áreiðanlegar upplýsingar um hjartslátt notenda að reiknirit hans hafa viðurkennt læknisfræðilegt gildi.**

Oddur Freyr Þorsteinsson
oddurfreyr@365.is



Matvæla- og lyfjaeftirlit Bandaríkjanna gaf reikniritum fyrirtækisins AliveCor nýlega þann stimpil að þau hafi læknisfræðilegt gildi. AliveCor framleiðir gervigreindarhugbúnað sem nýtist til lækninga og framleiðir meðal annars KardiaBand, ólar sem hægt að festa við snjallúr Apple og geta fylgst með hjartslætti notenda. Snjallúr með slíkan hugbúnað gætu aukið og bætt eftirlit með hjartslætti fólks.

## Gervigreind sem lærir

AliveCor framleiðir gervigreindarhugbúnað sem lærir á mynstur og getur þannig numið óeðlileg og mögulega hættuleg frávik í hjartslætti, varað við þeim og mælt með læknisheimsókn.

AliveCor er ekki fyrsta fyrirtækið sem notar gervigreind sem lærir með snjallúrum. Rannsóknir hafa sýnt að slík tækni getur hjálpað snjallúrum frá Apple að nema heilsubresti eins og of háan blóðþrýsting og kæfisvefn. Rannsókn frá síðasta ári komst að þeirri niðurstöðu að Apple-úr sem notar reiknirit sem kallast DeepHeart gæti numið óeðlilegan hjartslátt með 97% nákvæmni.

Sú staðreynd að Matvæla- og lyfjaeftirlit Bandaríkjanna hafi samþykkt læknisfræðilegt gildi KardiaBand sýnir að heilsuúr gætu orðið mikilvæg tól til að fylgjast með heilsu almennings í framtíðinni.

## Fylgist með og lætur vita

KardiaBand kemur í stað ólarinnar á Apple-snjallúri og inniheldur skynjara sem getur fylgst með hjartslætti notandans. Það lætur svo vita ef það er eitthvað óeðlilegt við hjartsláttinn sem getur gefið vísbendingu um alvarleg heilsufarsvandamál.

Reikniritin sem var verið að samþykkja eru hluti af hugbúnaði sem kallast SmartRhythm. Reikniritin læra á mynstur notandans með tímanum, greina hvort mynstrið er eitthvað óeðlilegt og láta vita ef fólk þarf á frekari umönnun að halda. Ef hugbúnaðurinn nemur eitthvað óeðlilegt bendir hann notandanum á að skrá hjartalínurit, sem hann getur gert með því að setja þumalinn á skynjara á ólinni í 30 sekúndur. Úrið býr þá til línurit sem hægt er að senda til læknis.




Snjallúr gætu orðið gagnleg tól til að fylgjast með heilsufari almennings í framtíðinni. MYND/NORDICPHOTOS/GETTY

## Aukin yfirsýn

Heilsuúr með þessum hugbúnaði hefur forskot á lækna að því leyti að það mælir hjartsláttinn stöðugt, í stað stakra mælinga sem eiga sér stað með löngu millibili. Það hefur því betri heildarmynd og yfirsýn, sem getur auðveldað því að nema hugsanleg vandamál.

Tölvur henta auk þess vel til að nema óeðlilegan hjartslátt, því þær eru mjög góðar í að nema og skilja mynstur.

**» Reikniritin læra á mynstur notandans með tímanum, greina hvort mynstrið er eitthvað óeðlilegt og láta vita ef fólk þarf á frekari umönnun að halda.**

## Gæti orðið vinsælt

Þjónustan kostar sitt, svo hún er ekki aðgengileg öllum, að minnsta kosti í bili. Ólin sjálf kostar 199 dollara í Bandaríkjunum og notendur þurfa að kaupa áskrift að þjónustu AliveCor, sem kostar 99 dollara á ári. Þjónustan virðist líka bara í boði í Bandaríkjunum, enn sem komið er.

En AliveCor vonast til að þessi tækni gefi læknum betri tól til að sinna starfi sínu og það er ekki ólíklegt að tækni sem þessi verði sífellt aðgengilegri og algengari þegar fram líða stundir.



# NÝTT ÁR
# NÝ MARKMIÐ

ENGIN BINDING




Brandenburg | SÍA

**NÝ NÁMSKEIÐ 2018**
Í nýrri stöð í Faxafeni 14 finnurðu allt sem þarf til að koma þér aftur af stað. Ný námskeið að hefjast og öflugir hóptímar í boði. Stundaskrá gildir frá 8. janúar.

Sjö stöðvar · Þrjár sundlaugar · reebokfitness.is

Reebok FITNESS

# Danir fjölmenna til Þýskalands í tannlækningar

Danir hafa áhyggjur af þeim mikla straum landa sinna sem flykkist yfir þýsku landamærin í tannlækningar. Talið er að um 30 þúsund manns hafi farið í þessum erindagjörðum til Þýskalands.

Elín Albertsdóttir
elin@365.is



Tannlækningar í Þýskalandi eru mun ódýrari en í Danmörku. Það skýrir þetta ferðalag eftir því sem danski vefmiðill Politiken greinir frá. Flestir þeirra sem sækja tannlæknaþjónustu í Þýskalandi koma frá Helsingjaeyri, Ringsted, Álaborg og Skæskør. Straumur þeirra liggur til Harrislee sem er nokkra kílómetra frá landamærabænum Padborg en þar er tannlæknastofa Karstens Voss þar sem verðið er umtalsvert lægra en hjá dönskum tannlæknum. Ferðin þangað er sögð borga sig margfalt þegar fólk þarf á stærri tannviðgerðum að halda, uppskurði eða meiri háttar meðferð. Um 70% viðskiptavina á tannlæknaklínik Karstens Voss eru Danir.

Íslendingar eru líka duglegir að fara í tannlæknaferðir en þeir fara helst til Póllands, Ungverjalands og Rúmeníu. Sérstök Facebook-síða er fyrir fólk sem hefur áhuga á slíkum ferðum undir heitinu Tannlækningar í útlöndum. Einnig er hægt að gúgla tannlækningar í Póllandi eða Búdapest til að fá upp stofur og reynslusögur frá Íslendingum.

Eigandi þýsku stofunnar, Karsten Voss tannlæknir, segist bjóða upp á góða og persónulega þjónustu og þess vegna komi Danirnir yfir til hans. Hann stundaði nám í tannlækningum í Kaupmannahöfn. Karsten býður þrisvar sinnum lægra verð en tannlæknar í Danmörku. Það getur skipt miklu máli í dýrum aðgerðum. Hægt er að sækja um styrk til niðurgreiðslu á tannviðgerðum í útlöndum og hafa um 30 þúsund manns sótt um hann. Danir eiga rétt á styrk til tannviðgerða í öðrum löndum innan ESB.



Svo virðist sem íbúar á öllum Norðurlöndum kjósi að fara til annarra landa í tannlækningar. Danir hafa áhyggjur af sínu fólki sem fer unnvörpum til Þýskalands. Aðrir Norðurlandabúar virðast frekar fara til A-Evrópu. MYND/GETTY

Síðan eru margir sem nýta sér þessar tannviðgerðir án þess að sækja um styrk. Þýskaland virðist vera uppáhaldsland þeirra sem sækja sér tannviðgerðir utan Danmerkur. Danskir tannlæknar þurfa samt að bregðast við þessum fjölda sem leitar sér tannviðgerða í öðrum löndum og skoða verðið hjá sér. Um þessar mundir eru yfirvöld að semja upp á nýtt við danska tannlækna og neytendastofur og samkeppnisyfirvöld fylgjast grannt með. Nokkrir danskir tannlæknar hafa boðið upp á ódýra eða jafnvel ókeypis skoðun til að fá fleiri viðskiptavini.

Danska neytendanefndin mælir með því að sjúklingar geri verðsamanburð á milli tannlækna. Jafnframt ætti að kanna gæðamun á vörum og þjónustu. Vandamálið er að það getur verið ógagnsætt og erfitt fyrir venjulegan viðskiptavin tannlæknis að átta sig á verðlistanum og hvað sé innifalið. „Við getum aldrei keppt við það verð sem tannlæknar í Þýskalandi eða Ungverjalandi geta boðið. Og ef það eru 30 þúsund manns sem fara yfir landamærin er það ekki mikið miðað við þær fjórar milljónir sem við þjónustum,“ segir Torben Schønwaldt, danskur tannlæknir.

Nýlega settu danskir tannlæknar upp netsíðuna tandbud.dk en þar er hægt að leita eftir tannlæknum, fá tilboð í ýmsar aðgerðir og sjá ummæli frá viðskiptavinum.

**» Það eru ekki bara Íslendingar sem sækja sér ódýrar tannlækningar í öðrum löndum. Danir hafa miklar áhyggjur af vaxandi ferðum fólks yfir landamærin til Þýskalands þar sem tannlækningar kosta þriðjung af því sem tíðkast í Danmörku.**




# Heimagert fiskigratín

Fiskigratín er frábært til að nýta afganga af fiski. Hægt er að nota hvítan fisk eða reyktan eftir smekk. Það má bæta rækjum eða grænmeti út í réttinn. Börnum finnst þessi réttur yfirleitt mjög góður. Uppskriftin miðast við fjóra.

## Hvít sósa

**1 msk. smjör**
**2 msk. hveiti**
**3 dl mjólk**
**½ tsk. salt**
**¼ tsk. pipar**

## Gratín

**Um það bil 200 g soðinn fiskur**
**½ tsk. salt**
**¼ tsk. pipar**
2 egg
**½ dl rifinn ostur**
**2 msk. rasp**
**10 kartöflur**
**3 gulrætur**
**2 msk. appelsínudjús**

Bræðið smjör í potti á miðlungshita. Bætið hveitinu saman við og jafnið út. Lækkið hitann og hrærið mjólkinni saman við þannig að myndist kekkjalaus jafningur. Hækkið hitann og hrærið vel saman. Látið malla í 5 mínútur og bragðbætið með salti og pipar.



Fiskigratín er vinsæll réttur, bæði hjá fullorðnum og börnum.

**» Fiskigratín var oft á borðum Íslendinga áður fyrr. Hvernig væri að endurnýja kynnin við þennan rétt og nota afgangana sem til eru?**

Skerið fiskinn í bita og setjið saman við sósuna. Skiljið eggin og látið eina og eina eggjarauðu út í. Stífþeytið eggjahvíturnar og bætið þeim rólega saman við með sleif. Setjið blönduna í eldfast mót og stráið rifnum osti og raspi yfir. Setjið formið í 200°C heitan ofn í 40 mínútur. Rífið gulrót og setjið í skál með appelsínusafa.
Berið fiskigratín fram með soðnum kartöflum og rifnum gulrótum.

**BÍLAHÖLLIN**
**S: 567-4949**



TOYOTA Aygo h/b x-play touch. Árgerð 2017, ekinn 30 Þ.KM, bensin, 5 gírar. TILBOÐSVERÐ 1.490.000. Rnr.152093.



CHEVROLET Spark. Árgerð 2012, ekinn 111 Þ.KM, bensín, 5 gírar. Verð 590.000. Rnr.312061.



TOYOTA Yaris sol. Árgerð 2007, ekinn 137 Þ.KM, bensín, 5 gírar. Nýkominn úr vélmössun og djúphreinsun. Filmur. Aux. TILBOÐSVERÐ 690.000. Rnr.312078.

**BÍLAHÖLLIN**
**S: 567-4949**



TOYOTA Yaris sol. Árgerð 2005, ekinn 167 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur. Verð 490.000. Rnr.312081.

**Bílahöllin**
**Bíldshöfða 5, 112 Rvk**
**Sími: 567 4949**
**www.bilahollin.is**

**bilauppbod.is**

**ÞARFTU AÐ KAUPA EÐA SELJA BÍL?**

Bilauppbod.is er uppboðsvefur þar sem þú getur keypt eða selt bíl á einfaldan og hagkvæman hátt. Kynntu þér málið. www. bilauppbod.is Sími 522-4610.

**Bílauppboð - Krókur**
**Sími: 522 4610**
**www.bilauppbod.is**


Vissir þú að... Barnaheill Save the Children á Íslandi
börn eiga rétt á vernd gegn ofbeldi.


**STÓRA BÍLASALAN**



**100% LÁN**

VW Passat Disel Sjálfsk Comfort. Árgerð 2016, ekinn 51 Þ.KM. Verð 3.780.000. Rnr.136271



**100% LÁN**

VW Golf 1.4 Bensín Sjálfsk Highline. Árgerð 2013, ekinn 98 Þ.KM. Verð 2.380.000. Rnr.136647.



**100% LÁN**

VW Golf 1.6 Disel Sjálfsk Allstar útgáfa. Árgerð 2016, ekinn 12 Þ.KM. Verð 3.390.000. Rnr.136492.

**STÓRA BÍLASALAN**



**100% LÁN**

VW Golf 1.6 Disel Sjálfsk Lounge útgáfa. Árgerð 2016, ekinn 27 Þ.KM. Verð 3.190.000. Rnr.136493.

**Stóra bílasalan**
**Kletthálsi 2, 110 Reykjavík**
**Sími: 5861414**
**http://www.stora.is**

## Bílar til sölu



Nissan Qashqai 2012 4x4 sjálfskiptur ek. 105000. í topp standi. verð 2690000. S: 8978748.


Vissir þú að... Barnaheill Save the Children á Íslandi
börn eiga rétt á læknisaðstoð og heilbrigðisþjónustu.







## Hópferðabílar




**RÚTUR TIL SÖLU**

Ýmsar stærðir og gerðir. Verð frá 990.000 kr. Nánari uppl. veitir Óskar í síma: 699-3219

## Hjólbarðar

VAKA



**NÝJU SAILUN DEKKIN Á FRÁBÆRU VERÐI.**

Einnig úrval notaðra dekkja. Tökum notuð uppí ný. Vaka s. 567 6700

# Þjónusta

## Hreingerningar

**VY-ÞRIF EHF.**

Öll almenn þrif, fyrir heimili, húsfélög, fyrirtæki ofl. Gerum verðtilboð. S. 512 4010 www.vy.is

## Bókhald

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

## Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bill. Búslóðalyfta. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

## Húsaviðhald

**HÚSASMÍÐI:**

getum bætt við okkur verkefnum, nýsmíði, viðgerðir og viðhald. Uppl. í s. 858 3300

## Rafvirkjun

**RAFLAGNIR OG DYRASÍMAKERFI S. 896 6025**

Tilboð dyrasímakerfi, töfluskipti. Löggildur rafverktaki. rafneisti@simnet.is

# Keypt & Selt

## Til sölu

HUMARSALAN

Hágæða Hornafjarðarhumar og sjávarfang. SÉRFRÆÐINGAR Í SJÁVARFANGI Heimsending. www.humarsalan.is Pöntunarsími: 867 6677

mýranaut

Ungnautakjöt beint frá býli. Minnst 1/8 úr skrokk. Hakk, gúllas, snitsel og steikur. www.myranaut.is s. 868 7204

## Óskast keypt

**KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR**

Alla virka daga í verslun okkar Laugavegi 61 Jón & Óskar

**jonogoskar.is s.552-4910**

# Skólar & Námskeið

## Ökukennsla

Ökukennsla, aðstoð við endurtökupróf og akstursmat. S. 893 1560 og 587 0102, Páll Andrésson.

# Húsnæði

## Geymsluhúsnæði

**WWW.GEYMSLAEITT.IS**

**FYRSTI MÁNUÐUR FRÍR**

á minnu en 7 m2. Ódýrt eftir það. S: 564-6500

**GEYMSLUR.IS**

**SÍMI 555-3464**

Suma hluti er betra að geyma. Geymslur fyrir dánarbúið, allt að 20% afsláttur. www.geymslur.is

## Húsnæði í boði

**TIL LEIGU NÝLEGT 133 - 1.000 FM ATVINNUHÚSNÆÐI Í REYKJAVÍK**

133 fm bil með allt að 9 m lofthæð, stórar innkeyrsludyr, góð malbikuð lóð, og greið aðkoma.

**Nánari upplýsingar veitir Sverrir í s. 661 7000**

## Húsnæði óskast

Óska eftir íbúðum fyrir erlenda starfsmenn á höfuðborgarsv.. Uppl. í s: 895 2220

## Atvinnuhúsnæði

**TIL LEIGU IÐNAÐARHÚSNÆÐI MIÐHRAUNI 22, GARÐABÆ FRÁ OG MEÐ 15 FEBRÚAR.**

Um er að ræða 195 m2 sem skiptist þannig: Á fyrstu hæð 140 m2 og skrifstofurými á annari hæð 55. Góð lofthæð og háar innkeyrsludyr.

Áhugasamir vinsamlegast sendið fyrirspurn á bg@vesturkantur.is og haft verður samband.

## Hönnun

KG HÖNNUN

**VERKFRÆÐITEIKNINGAR**

Tek að mér að gera verkfræðiteikningar af íbúðarhúsum og sumarhúsum. Fast verð. Upplýsingar í síma 783 4180 eða kjartangardars@gmail.com

# Atvinna

## Atvinna í boði

**VÉLSTJÓRI**

Vantar á bát með 465 kw vél. Uppl. í s. 845 4183 og hsver@simnet.is

## Atvinna óskast

**VANTAR ÞIG SMIÐI, MÚRARA, MÁLARA EÐA AÐRA STARFSMENN?**

Höfum á skrá menn sem geta hafið störf með skömmum fyrirvara.

**Proventus starfsmannaþjónusta - proventus.is**

**Sími 551-5000**

**Netfang proventus@proventus.is**

Verkleigan vinna@verkleigan.is S: 780-1000

**VANTAR ÞIG STARFSMENN?**

Erum með smiði, aðstoðarmenn við smiði, verkamenn, flísara, múrara og aðra iðnaðarmenn sem geta byrjað strax. Við finnum réttu mennina fyrir þig. Verkleigan sími: 780-1000 vinna@verkleigan.is

**SMIÐIR - VERKAMENN - MÚRARAR - LAGERSTARFSMENN**

Erum með vana smiði,verkamenn, múrara, pípara og lagerstarfsmenn sem eru klárir í mikla vinnu. HANDAFL STARFSMANNAVEITA s. 780 1444



GEFÐU VATN

gjofsemgefur.is

907 2003

Hjálparstarf kirkjunnar

## Fasteignir

**Fasteignasala Mosfellsbæjar**

KJARNA - ÞVERHOLTI 2
• 270 MOSFELLSBÆ
• SÍMI: 586 8080
• FAX: 586 8081

WWW.FASTMOS.IS

**Ástu-Sólliljugata 14A, 16 og 16A**



Raðhús á einni hæð – tilbúið til afhendingar- Fullfrágengið að utan og rúmlega fokhelt að innan. Fallegt og vel skipulögð raðhús á einni hæð ásamt bílskúr. Skipulag samkvæmt teikningu: Þrjú svefnherbergi samliggjandi eldhús, stofa og borðstofa, sjónvarpshol, rúmgott baðherbergi, gestasnyrting, þvottarhús, forstofa og bílskúr. Húsið er allt með mikilli lofthæð sem hægt er að vinna með við nánari útfærslur á skipulagi.

**Ástu-Sólliljugata 14A = 176,5 m2. V. 56,7 m.**

**Ástu-Sólliljugata 16 = 176,5 m2. V. 56,7 m.**

**Ástu-Sólliljugata 14A = 184 m2. V. 58,7 m.**

**Einar Páll Kjærnested Löggiltur fasteignasali**

## Fundir / mannfagnaður

# ÍBÚAFUNDUR

Miðvikudaginn 24. janúar kl. 17 í Hafnarborg

**Kynnt verður tillaga að breytingum við Suðurgötu**

Tillagan nær til lóðanna við Suðurgötu 40–44. Fyrsti íbúafundur vegna breytingatillögunnar var haldin í nóvember 2017.

Á fundinum munu arkitektar kynna tillögu að breytingum við lóðirnar og einnig mun Albert Skarphéðinsson verkfræðingur hjá Mannvit kynna niðurstöður vegna umferðartalningar og væntanleg áhrif breytingartillögunnar á bílaumferð. Íbúar og aðrir áhugasamir eru hvattir til að mæta á fundinn.

Umhverfis- og skipulagsþjónusta Hafnarfjarðar.

Skipulagsfulltrúi.

HAFNARFJARÐARBÆR
585 5500
hafnarfjordur.is

HAFNARFJÖRÐUR

## Atvinna

# SMIÐIR - VERKAMENN – MÚRARAR – LAGERSTARFSMENN

Erum með vana smiði,verkamenn,
múrara, pípara og lagerstarfsmenn
sem eru klárir í mikla vinnu.

**HANDAFL STARFSMANNAVEITA s. 780 1444**




Frá undirritun samkomulagsins í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

# Áframhaldandi samstarf Icelandair og ÍSÍ til 2020

**INNLENT** Icelandair og ÍSÍ undirrituðu í gær samning um áframhaldandi samstarf. Samningurinn er framlenging á gildandi samningi. Samtímis undirritaði Icelandair samkomulag við fimm sérsambönd innan ÍSÍ en það eru KSÍ, HSÍ, GSÍ, KKÍ og Íþróttasamband fatlaðra. Samkomulagið nær fram yfir næstu sumarólympíuleika í Tokýó árið 2020.

Samkomulagið felur í sér nýtt ákvæði sem ekki var áður í gildi. Samkvæmt því munu sérsambönd sem ekki eru með sérstakan styrktarsamning við Icelandair njóta afsláttarkjara á fargjöldum flugfélagsins á samningstímanum.

„Samstarf ÍSÍ og Icelandair hefur verið afar farsælt í áratugi og erum við hæstánægð með að hafa nú tryggt áframhaldandi samstarf fram yfir Ólympíuleikana í Tókýó árið 2020," segir Lárus L. Blöndal, forseti ÍSÍ, í yfirlýsingu sem sambandið sendi frá sér.

Flugfélagið og samböndin hafa starfað saman lengur en elstu menn muna og nú er ljóst að samstarfið mun halda áfram rúm tvö ár í viðbót að minnsta kosti. – **jóe**




ráðum ráðningarstofa
Er verið að leita að þér?
RÁÐUM EHF • Vegmúla 2, 108 Reykjavík • Sími 519 6770 • radum@radum.is




FYRSTI ÞÁTTUR Í OPINNI DAGSKRÁ

HEFST FÖSTUDAG

Steypustöðin

